




**SKOÐUN** Facebook er kaffihús, segir Guðmundur Andri Thorsson, og veltir fyrir sér framgöngu fólks á staðnum. **13**



**LÍFIÐ** Stefnt er að því að klára heimildarmynd um „Regnbogamanninn“ víðfræga. **26**



**SPORT** Norma Dögg Róbertsdóttir og Bjarki Ásgeirsson urðu Íslandsmeistarar í fílmleikum í fyrsta sinn. **22**

**LANDMARK**

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900 landmark.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

31. mars 2014  
76. tölublað 14. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

## FRÉTTIR




### Priðjungur í bætur

Mikill meirihluti fólks merkir við slysatryggingu við heimilisstörf á skattframtali sínu. Iðgjöld námu 66 milljónum króna í fyrra. **8**

**Vilja ekki taka sénsinn** Formaður bæjarráðs Kópavogs segir heilbrigðis-efirlitið verða að ákveða hvort Waldorfskólinn fái aftur starfsleyfi í Lækjarbotnum þar sem mengun frá Hellsheiðarvirkjun mælist yfir mörkum. **2**

**Prautaganga að ættleiða** Ekkert samkynhneigt par hefur ættleitt barn erlendis frá síðan lög um ættleiðingar samkynhneigðra voru sett. **4**

**Fá ekki að frysta egg** Konur fá ekki fryst egg sín hér á landi þótt karlar geti látið frysta úr sér sæðið. **6**



Bolungarvík	5°	A	2
Akureyri	6°	SA	2
Egilsstaðir	5°	SA	3
Kirkjubæjarkl.	6°	A	3
Reykjavík	7°	A	4

**Bjartviðri N-til** og V-til í fyrstu. Skýjað með köflum og súld við S-stöðina. Fremur hægur vindur víða en strekkingur allra syðst. Hiti 2-12 stig. **4**

## 2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



**Whirlpool**

**ÞVOTTAVÉLAR**

**Heimilistæki** ht.is



**GREIDDI EKKI AÐGANGSEYRI** Ógmundur Jónasson, fyrrverandi ráðherra og þingmaður VG, var ekki rukkaður um aðgangseyri við Geysi í gær. Sama gilti um aðra gesti. Ógmundur hafði tilkynnt áður en hann fór austur að hann ætlaði ekki að greiða aðgangseyri enda væri lögleysa að krefja fólk um hann. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Einkamál útlendinga birt án skýrra heimilda

Innanríkisráðuneytið hefur hafið birtingu á úrskurðum sínum um málefni útlendinga. Ekki er skýr lagaheimild fyrir birtingunni og viðkvæmar persónuupplýsingar birtast þrátt fyrir að nafnleyndar sé gætt. Persónuvernd vill að vandað sé til verka.

**MANNRÉTTINDI** Úrskurðir innanríkisráðuneytisins í útlendingamálum hafa verið birtir í heild sinni á vefnum úrskurðir.is án þess að ráðuneytið hafi skýra lagaheimild til þess. Á vef ráðuneytisins þann 20. febrúar síðastliðinn er fjallað um áætlanir þess efnis að birta útdrætti úr úrskurðum í útlendingamálum en þegar fréttin birtist höfðu sex úrskurðir í útlendingamálum þegar verið birtir.

Frumvarp til breytinga á útlendingalögum, sem nú er til meðferðar á Alþingi, gerir ráð fyrir því að ráðherra hafi heimild til að birta úrskurði og setja nánari reglur um birtingu þeirra.

Ragnhildur Helgadóttir, prófessor í stjórnskipunarrétti við Háskólann í Reykjavík, segir að birting stjórnsvaldsúrskurða tryggi jafnræði við úrvinnslu mála innan stjórnsýslunnar. „Almennt er gott að úrskurðir séu birtir því þá er auðveldara að gæta jafnræðis en hins vegar þarf stjórn-

## UPPLÝSINGAR UM ÁSTALÍF KUNNGJÖRÐAR

Peir úrskurðir sem ráðuneytið hefur nú þegar birt á vefsíðunni úrskurðir.is eru sex talsins. Nafnleyndar er gætt í skjölunum og þjóðerni kærvaðila er jafnframt afmáð. Þó má ráða af einu skjalinu að aðili máls sé af þjóðarbroti sjálfstjórnarríkis sem viðurkennt var árið 1999. Í skjölunum koma einnig fram upplýsingar um námsárangur umsækjenda um námsdvöl sem og viðkvæmar upplýsingar um hvernig meint kærstúpar kynntist, hóf samband og hvernig sambandinu er háttað í dag.

sýslan að fara að lögum og það er því spurning hvort má birta nokkuð án þess að það sé lagaheimild fyrir því auk þess sem það þarf að gæta persónuverndar þeirra sem í hlut eiga.“

Trausti Fannar Valsson, lektor í stjórnsýslurétti við Háskóla Íslands, segir að birting persónuupplýsinga sé vandmeðfarin. „Þetta er mjög matskennt en spurningin er hvort nafnhreinsunin sé fullnægjandi og hvort hreinsun upplýsinga úr úrskurðinum sé fullnægjandi. Þær reglur eru mjög matskenndar og það þyrfti að skoða hvern einstakan úrskurð fyrir sig.“

Persónuvernd gaf allsherjarnefnd álit sitt á því frumvarpi sem liggur fyrir þinginu. Þar kemur fram að gæta verði að 9. gr. upplýsingalaga þar sem mælt er fyrir um að óheimilt sé að veita almenningi aðgang að gögnum um einkamál einstaklinga sem sanngjarnt þyki að séu einkamál nema sá sem gögnin fjalla um samþykki birtinguna. Persónuvernd leggur áherslu á að ákvörðun um birtingu úrskurðanna sé ekki í hendi ráðherra heldur að Alþingi taki afstöðu til þess hvort birta eigi úrskurðina og með hvaða hætti.

## Skoða ekki alla kostina 91: Verkefnisstjórn ræður matinu

**ÍÐNAÐUR** Hvorki er tími né fjármagn til þess að meta alla þá virkjanakosti sem Orkustofnun hefur lagt fyrir verkefnisstjórn rammaáætlunar. Þetta kemur fram í svari Stefáns Gíslasonar, formanns verkefnisstjórnarinnar, til Fréttablaðsins. Orkustofnun hefur lagt 91 virkjanakost fyrir verkefnisstjórnina.

Stefán segir að verkefnisstjórninni beri ekki skylda til að taka alla kostina fyrir, í það minnsta ekki þá sem eru í orkunýtingaræða verndarflokki og ný gögn eru ekki til um.

- óká, shá / sjá síðu 10

FLJÓTLEGT OG ÞÆGILEGT



**Íbúfen®**

400 mg, 30 stk og 400 mg, 50 stk



**Actavis**

## SPURNING DAGSINS



Hörður, er ballið þá búið?

„Nei, á breiðvangi lífsins tekur eitt við af öðru.“

Hörður Sigurjónsson, fyrrverandi yfirþjónn á skemmti- og veitingastaðnum Broadway, skipuleggur nú ásamt fleirum lokakvöld Broadway sem fer fram þann 11. apríl. Þetta er síðasta kvöldið sem einhver viðburður fer þar fram áður en staðnum verður lokað endanlega.

Vinnumataskafli á lokametrinum í viðræðunum en hægt gengur að semja um launaliðinn:

## Vonast eftir kjarasamningi í þessari viku

**VINNUMARKAÐUR** „Það náðist árangur um helgina. Málin þokast en það gengur hægt,“ sagði Aðalheiður Steingrimsdóttir, formaður samninganefndar framhaldsskólakennara. Þriðja vika verkfalls framhaldsskólakennara er hafin. Nemendur og kennarar sem eru í verkfalli geta búið sig undir að sitja heima næstu daga.

Aðalheiður segir að þó að samninganefnd ríkisins og kennarar séu farin að sjá til lands í nokkrum málum þó séu ýmis stór mál eftir.

Hún segir að samningar um nýtt vinnumat fyrir kennara séu á lokametrinum en það þokist hægt að semja um launaliðinn. Þar beri mikið í milli deilenda. Þá segir hún að sanningsforsendur séu ófrágengnar. „Ég bind vonir við að við klárum í þessari viku en til þess að það náist verða menntamála-

**ADALHEIÐUR STEINGRÍMSDÓTTIR**



og fjármálaráðherra að leggjast á árarar með samninganefnd ríkisins,“ segir Aðalheiður.

Hún segir að stytting náms til stúdentsprófs hafi verið rædd. Menn ætli að setja ákvæði í kjarasamninginn sem verði virkjaðir ef skólar vilja stytta námið. Stytting náms feli í sér miklar breytingar á námsskipulagi sem hafi áhrif á starfskjör kennara. „En eftir sem áður stendur upp á menntamálaráðherra að

gera grein fyrir hvað hann á við með styttingu náms og pólitíska ábyrgðin er alfarið hans,“ segir Aðalheiður.

Frá því verkfall framhaldsskólakennara hófst hafa deiluaðilar fundað hvern einasta dag, virka jafnt sem helga. Frá þriðja desember til dagsins í dag hafa samninganefndir framhaldsskólakennara og ríkisins hist á 43 fundum.

Hvorki náðist í formann samninganefndar ríkisins við vinnslu fréttarinnar né menntamálaráðherra.

-jme



**SÓLBLÓMUM ÚTDEILT** Mótmælendur við þinghúsið í Taívan héldu á sólblómum, en þau eru táknmynd mótmælanna sem staðið hafa í tvær vikur.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stúdentar mótmæltu við þinghúsið í Taívan á sunnudag:

## Óttast áhrif viðskiptasamnings við Kína á efnahag landsins

**TAÍVAN, AP** Að minnsta kosti hundruð þúsund mótmælendur komu saman við þinghúsið í Taívan á sunnudag til að mótmæla viðskiptasamningi við Kína. Mótmælendurnir telja samninginn hafa skaðleg áhrif á efnahag landsins og grafa undan innlendri framleiðslu.

Skorað er á forseta landsins að hverfa frá þeirri stefnu að styrkja efnahagsleg tengsl landsins við Kínverja. Samningurinn var samþykktur á síðasta ári en bíður staðfestingar á þinginu. Mótmælin hafa staðið yfir í hátt í tvær vikur og fer mótmælendum ört fjölgandi.

Lög að danski fyrirmynd:

## Vill lögleiða fjárhættuspil

**ALPINGI** Willum Þór Þórsson, þingmaður Framsóknarflokksins, leggur í dag fram á Alþingi frumvarp sem miðar að því að lögleiða hér fjárhættuspil. Það geti styrkt réttarstöðu lögreglu í að takast á við ólöglega spilastarfsemi og búinn sé til grundvöllur til að ræða málið á vitrænum nótum. Annað markmið sé svo að bregðast við aukinni eftirspurn í ferðaþjónustu.

Frumvarpið er að danski fyrirmynd. „Þeirra reynsla af slíkri starfsemi hefur verið mjög góð og þetta hefur skapað tekjur og störf,“ segir Willum.

-skó

Sérfróður um norðurslóðir:

## Nýr sendiherra Rússa á Íslandi

**UTANRÍKISMÁL** Anton Vasiliev, einn virtasti sérfræðingur Rússa í málefnum norðurslóða, verður næsti sendiherra Rússlands hér á landi.

Greint er frá þessu á vefsíðu Arctic Journal.

Vasiliev tekur við af Andrey Tsyganov, sem gegnt hefur embættinu frá árinu 2010.

Vasiliev hefur gegnt embætti sendiherra Rússlands í norðurslóðamálum og er hann einn æðsti embættismaður landsins í þeim málaflokki.

-skó

# Tökum ekki séns eins og með reykingarnar

Formaður bæjarráðs Kópavogs segir heilbrigðiseftirlitið verða að ákveða hvort Waldorfskólinn fái aftur starfsleyfi í Lækjarbotnum þar sem brennisteinsvetni frá Hellisheiðarvirkjun mælist yfir mörkum. Forstjóri OR mætti á fund bæjarráðs.

**UMHVERFISMÁL** „Við viljum ekkert taka sénsinn á því að sjá hvort hér verði einhverjar varanlegar skemmdir á heilsufari fólks – það er ekki séns sem við getum tekið,“ segir Rannveig Ásgeirsdóttir, formaður bæjarráðs Kópavogs, um mengun sem kemur frá Hellisheiðarvirkjun.

Brennisteinsvetni mælist yfir leyfilegum mörkum við Waldorfskólann í Lækjarbotnum í landi Kópavogs. Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, varð við ósk og mætti á fundi bæjarráðsins á fimmtudag.

„Ég hef fullan skilning á að mönnum finnst slæmt að það sé ekki búið að leysa þetta en það skilja allir og sjá að við erum af mikilli alvöru að leysa vandann,“ segir Bjarni. „Á næstu dögum hefjum við tilraunarekstur á hreinsistöð sem hreinsar frá einni vél af sex á Hellisheiði. Ef það gengur vel munum við halda áfram á sama spori.“

Að sögn Bjarna felst tilraunin í að hreinsa brennisteininn úr útblæstrinum, blanda hann vatni og dæla niður á eitt til tvö þúsund metra dýpi þar sem hann binst berginu. „Við ætlum að vísa brennisteininum til föðurhúsanna,“ segir forstjórinn, sem kveður árangur af þessu í fyrsta lagi verða metinn eftir um hálf ár. Samhliða séu fleiri aðferðir prófaðar.

Rannveig Ásgeirsdóttir segir málið vera tæknilegs eðlis. „En við erum náttúrulega ekki ánægð með að það sé starfsemi fyrir börn þar sem við getum ekki almennilega vitað hvaða afleiðingar þetta hefur inn í framtíðina,“ segir Rannveig



**HELLISHEIÐARVIRKJUN** Reiknað er með að nýr tilraunabúnaður sem dælir brennisteini djúpt í jörð verði tekinn í notkun í næstu viku.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**RANNEIG ÁSGEIRSDÓTTIR**

út leyfi fyrir starfsemi skólans á þessum stað og færa þá rök fyrir því.

„Það er svo algerlega á valdi Waldorfskólans til hvaða ráða hann grípur. Ef skólinn þarf að flytja þá er það hann sem hefur upp á Orkuveituna að klega,“ segir Rannveig.

Að sögn Rannveigar eru engar rannsóknir eða reynsla sem geta sagt til um langtímaáhrif jarðgasmengunarinnar frá Hellisheiði. Alltaf verði mengun á svæðinu, annað hvort koltvísýringmengun eða af brennisteinsvetni.

„Við viljum vita í hvaða farveg



Við ætlum að vísa brennisteininum til föðurhúsanna.

Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur.

þessar tvær gastegundir verða settar svo þær verði ekki mengandi fyrir menn og umhverfi. Við viljum ekkert endilega taka sénsinn eins og fólk gerði hér í áratugi með reykingar,“ segir formaður bæjarráðs.

Forstjóri OR bendir á að þegar Hellisheiðarvirkjun var byggð hafi ekki verið reglur um hámarksstyrk í útblæstrinum. „Ég held að menn hafi ekki áttað sig á hversu áhrifin yrðu mikil.“

gar@frettabladid.is



Kringlunni  
Sími 568 7777  
heyarnarstodin.is

**HEYRNARSTÖÐIN**



Vopnuð lögregla gerir rassíur í fátækrahverfum Rio de Janeiro í Brasilíu:

## Öryggi aukið fyrir HM í sumar

**BRASILÍA, AP** Hátt í 1.500 lögreglumenn og landgönguliðar yfirtóku fátækrahverfi í Rio de Janeiro fyrir hádegi á sunnudag. Yfirtakan er hluti af aðgerðaáætlun sem stuðla á að öryggi í borginni fyrir HM í fótbolta í sumar.

Nú hafa fimmtán hverfi bæst í hóp þeirra sem hafa verið numin af yfirvöldum í þeim tilgangi að uppræta eiturfjagengi, en þau hafa haft völd í fátækrahverfum í Brasilíu í áratugi.

Fríðaraðgerðir af þessu tagi hófust árið 2008 en síðan þá hafa lögreglumenn átt í ítrekuðum útistöðum við meðlimi gengjanna.

Skiptar skoðanir eru um aðgerðirnar. Margir telja tímabært að stöðva ofbeldi en aðrir segja að þungvopnaðir lögreglumenn veki frekar ugg en öryggistilfinningu.

-jm



**RIO DE JANEIRO** Vopnaður bílafloki yfirtekur götur fátækrahverfa til að tryggja öryggi vegfarenda og íbúa fyrir árásum eiturfjagengja.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



# POLLAGALLAR FYRIR PÖNKARA OG AÐRA HRESSA KRAKKA



DIDRIKSONS SLASKEMAN  
POLLAGALLI  
Stærðir 80-130

**7.990 KR.**



DEVOLD ACTIVE POLO KID  
Stærðir 2-16

**7.990 KR.**



DEVOLD ACTIVE KID  
Stærðir 2-16

**6.990 KR.**



DEVOLD ACTIVE KID  
Stærðir 2-16

**6.990 KR.**



VIKING STÍGVÉL  
PIRATE/FLOWER  
Stærðir 21-33

**6.500 KR.**



MUCK BOOT KIDS HALE STÍGVÉL  
Stærðir 27-35  
5 litir

**9.990 KR.**

DIDRIKSONS WATERMAN  
POLLAGALLI  
Stærðir 80-130

**9.990 KR.**



**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörunar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.-föstud. 10-18 • laugard. 10-16  
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.-föstud. 10-18 • laugard. 10-16 • [ellingsen.is](http://ellingsen.is)

**Ellingsen**

- FULLT HÚS ÆVINTÝRA

SVONA ERUM VIÐ



**22%** fleiri fyrirtæki voru tekin til gjaldþrotaskipta í síðasta mánuði en á sama tíma á síðasta ári.

Pá voru 96 fyrirtæki tekin til gjaldþrotaskipta í febrúarmánuði, til samanburðar við 79 í febrúar 2013. Flest gjaldþrot voru í heild- og smá-söluverslun, eða 20 talsins.

# Kosningarnar í Afganistan um næstu helgi sagðar stórt skref fyrir lýðræðið: Hótanir berast frá talibönnum


**AFGANISTAN, AP** Forsetakosninganna sem fram fara í Afganistan um næstu helgi er beðið með mikilli eftirvæntingu, en kosningarnar eru sögulegur viðburður í landinu.

Margir telja að kosningarnar séu eitt helsta afrek núverandi forseta landsins, Hamids Karzai. Miklar lýðræðisumbætur hafa orðið í landinu í hans stjórnartíð og þykir sú staðreynd að hann skuli sjálfur ætla að stíga til hliðar og boða til kosninga, eitt mikil-

vægasta skrefið í átt að lýðræði sem stigið hefur verið eftir fall talibanastjórnarinnar.

Karzai var skipaður leiðtogi landsins fyrir 13 árum og voru vonir bundnar við að honum tækist að sameina þjóðina og koma á friði og sátt í landinu eftir margra ára kúgunartíð talibanastjórnarinnar.

Talibanar hafa enn mikil ítök víða um landið og nú þegar hafa hótanir borist um að reynt verði að trufla og koma í veg fyrir kosningarnar með ofbeldisverkum. -jm



**AFGANI** Teppasölumaður í Kabúl heldur uppi innrömmuðu teppi sem skartar brjóstmynd af Hamid Karzai, forseta landsins. Afganar ganga til forsetakosninga um helgina.

# Hnífi beitt í Grafarholti: Ungur maður alvarlega særður

**ÁRÁS** Karlmaður um tvítugt liggur á sjúkrahúsi í höfuðborginni eftir alvarlega hnífstunguárás af hendi manns á svipuðum aldri í heimahúsi í Grafarholti aðfaranótt sunnudags. Maðurinn var stunginn í brjósti.

Árásarmaðurinn, sem var á bak og burt er lögregluna bar að garði, var handtekinn um nóttina. Hann gisti fangageymslu og átti að yfirheyrja hann í gær. Lögreglan vildi ekki upplýsa frekar um málið síðdegis í gær. -ktd, glp

# Andrej Kiska kjörinn forseti: Vann afgerandi sigur í Slóvakíu

**SLÓVAKÍA** Andrej Kiska vann yfirburðasigur í forsetakosningunum í Slóvakíu með um 60 prósent atkvæða. Andstæðingur hans, Robert Fico, forsætisráðherra landsins, fékk um 40 prósent. Úrslitin voru kynnt í gær.



**ANDREJ KISKA**

Þetta var önnur umferð kosninganna en sú fyrsta fór fram 15. mars síðastliðinn. Þá fengu Kiska og Fico flest atkvæði, Kiska 24 prósent og Fico 28 prósent.

Flokkur Fico, Smer, hefur meirihluta á þingi og er talið að atkvæði margra hafi ráðist af ótta við að flokkurinn yrði of valdamikill. -sk

# Samkynhneigðir ættleiða innanlands og barna vini

Ekkert samkynhneigt par hefur ættleitt barn erlendis frá síðan lög um ættleiðingar samkynhneigðra voru sett. Á fjögurra ára tímabili var 81 barn ættleitt hingað til lands. Reynt er að ná samningum við Suður-Afríku.

**SAMFÉLAGSMÁL** Ekkert samkynhneigt par á Íslandi ættleiddi barn erlendis frá á árunum 2008 til 2012. Þetta kemur fram í skriflegu svari Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra við fyrirspurn frá Jóhönnu Maríu Sigmundsdóttur, þingmanni Framsóknarflokks. Á umræddu tímabili var 81 barn frumættleitt til landsins af 71 pari.

Þau lönd sem helst er ættleitt frá eru Indland, Kína, Kólumbía, Tékkland og Tógó.

Jóhanna María spurði hvort það hafi verið skoðað að gera samninga við lönd sem ekki er ættleitt frá sem stendur en leyfa ættleiðingar til samkynhneigðra.

Ráðuneytið segir að ættleiðingar milli landa fari fram fyrir milligöngu löggiltra ættleiðingafélaga. Það sé mat ráðuneytisins að það sé hlutverk þeirra að hafa frumkvæði að því að afla nýrra sambanda við upprunaríki um ættleiðingar.

Sérstaklega er tekið fram að ráðuneytið hafi þær upplýsingar frá Íslenskri ættleiðingu að það sé virkur samstarfshöpur félagsins og Samtakanna '78 sem hafi unnið að því að kanna möguleika á ættleiðingum til samkynhneigðra.

Ráðherra segist styðja slíkar umleitningar og telur farsælt að gera samninga við þau ríki sem leyfa ættleiðingar til samkynhneigðra.

johanna@frettabladid.is



**NÝBURAR** Hinsegin fólk hefur lagalegan rétt til að ættleiða börn erlendis frá. Það skortir hins vegar samninga við ríki sem leyfa ættleiðingar samkynhneigðra. NORDICPHOTO/AFS

# Forvitnilegasta kynlífslýsingin: Sjón fær Rauðu hrafnsfjöðrina

**MENNING** Rithöfundurinn Sjón hlaut um helgina Rauðu hrafnsfjöðrina fyrir forvitnilegustu kynlífslýsingu ársins í íslenskum skáldverkum.



**SJÓN**

Hann hlaut verðlaunin fyrir skáldsögu sína, Mánastein. Lestrarfélagið Krummi veitti verðlaunin á aðalfundi félagsins. Var þetta í áttunda sinn sem fjöðrin er veitt.

Auk Mánasteins voru tilnefndar bækurnar Fiskarnir hafa enga fætur eftir Jón Kalman Stefánsson, Hann eftir Börk Gunnarsson, Blindhríð eftir Sindra Freysson, Af hjaranum eftir Heiðrúnu Ólafsdóttur, Eldhafið yfir okkur eftir Dag Hjartarson, Ár drekans eftir Óssur Skarphéðinsson og My pussy is hungry eftir Hugleik Dagsson. -glp

# Ættleiðing fjarlægur möguleiki fyrir samkynhneigða

„Ættleiðingar hinsegin fólks erlendis frá hafa og eru enn nokkuð fjarlægur möguleiki. Lög um ættleiðingar voru sett 2006 en síðan hefur lítið gerst í málunum. Það er eins og eftirfylgnina hafi skort,“ segir Unnsteinn Jóhannsson sem fer fyrir ættleiðingahópi Samtakanna '78.

Unnsteinn segir að samtökin séu í góðri samvinnu við Íslenska ættleiðingu en það skorti fé til að sinna þessu máli af þeim krafti sem til þarf. Menn vinni að ættleiðingarmálum hinsegin fólks í sjálfböðavinnu.

Lönd sem leyfa ættleiðingar samkynhneigðra eru til að mynda Úrúgvæ, Brasilía, Argentína og Suður-Afríka. Þessi misserin er verið að reyna að koma á ættleiðingarsambandi á milli Íslands og Suður-Afríku.

„Það hefur jákvæð áhrif fyrir alla ef það er hægt að ná ættleiðingasamningum við ný lönd, það opnar bæði fyrir ættleiðingar hinsegin fólks og annarra þeirra sem eru að bíða eftir börnum,“ segir Unnsteinn.

Hann segir það stór mál fyrir hinsegin fólk eins og aðra að geta eignast börn.

„Fræðilega eru þrjár leiðir færar fyrir hinsegin fólk að eignast börn, að ættleiða, staðgöngumæðrun og svo kjósa sumir að eignast börn með vinkonum sínum eða vinum,“ segir Unnsteinn.



**UNNSTEINN JÓHANSSON**

**CLEVER**  
LÁGHITA  
MIÐSTÖÐVAROFNAR

**10**  
10 ára ábyrgð

**RADSON**  
áreiðanlegur hitagjafi

**Mest seldu ofnar á Norðurlöndum**

**ÍSLEIFUR JÓNSSON**

Gæði fara aldrei úr tísku

Dragháls 14 - 16 | Sími 4 12 12 00  
110 Reykjavík | Fax 4 12 12 01 | www.isleifur.is

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

Alicante 19°	Friedrichshafen 19°	New York 11°
Apéna 18°	Gautaborg 11°	Orlando 24°
Basel 20°	Kaupmannahöfn 11°	Ósló 11°
Berlín 18°	Las Palmas 23°	París 20°
Billund 14°	London 19°	San Francisco 14°
Frankfurt 23°	Mallorca 18°	Stokkhólmur 8°

**Á MORGUN**  
Viða 3-8 m/s en 8-13 m/s syðst

**MIÐVIKUDAGUR**  
8-13 m/s SV-til, annars hægar

**MILT YFIR DAGINN** en víða næturfrostr í innsveitum. Bjart norðantil á landinu næstu daga en súld og strekkingur syðst. Víða fremur hægur vindur en bettir í vind SV-til á miðvikudag.

AUGLÝSINGAÐEILDIR FRÉTTABLAÐSINS - AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hjördis Zoega hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrir@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFID/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndis Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinnsson kolli@365.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einaradóttir vera@365.is RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hranar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is PIJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrun@365.is

LÝKUR

Á MORGUN  
ÞRIÐJUDAG  
KOMDU NÚNA



NÚ STANDSETJUM VIÐ ÞRIÐJU HÆÐINA Í HÚSGAGNAHÖLLINI Í REYKJAVÍK

30-50%

AFSLÁTTUR


AF SÝNINGAREINTÖKUM OG ÚTLITSGÖLLUÐUM VÖRUM

SÓFAR | SÓFASETT | HÆGINDASTÓLAR |  
BORÐ | BORÐSTOFUSTÓLAR | SVEFNSÓFAR |  
BORÐSTOFUSKÁPAR | BAKBORÐ | HORNBORÐ |  
SMÁVARA | O.FL. | O.FL.



**HÚSGAGNAHÖLLIN**

– fyrir lifandi heimili –



## HEIMURINN



## Tilraun til fjársvika rann út sandinn í Vatíkani

**1 RÓM** Tveir menn voru gripnir við að reyna að smygla skjalatösku með fölsuðum skuldabréfum í banka Vatíkansins. Mennirnir, Bandaríkja- maður og Hollendingur, hafa áður verið teknir fyrir falsanir, en fölsuðu bréfin eru talin hafa verið milljarða króna virði. Þeir sögðust eiga stefnumót við kardínála, en voru teknir til nánari skoðunar þegar það reyndist ekki standast.



**EIN BYGGINGA VATÍKANBANKANS** Eftir fjársvikamála sem komið hafa upp í tengslum við Vatíkánbankann hafa menn þar nú varann á. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Ebóla breiðir úr sér

**2 SENEGAL** Landamærum Senegal og Gíneu var lokað á laugardag en lokunin er hluti víðtækra öryggisráðstafana til að reyna að stöðva útbreiðslu ebóluveirunnar. Veiran hefur nú þegar dregið að minnsta kosti 70 manns til dauða í Senegal.

## Hryðjuverkamaður fellur á eigin bragði í Naíróbí

**3 KENÍA** Maður lést eftir að sprengibúnaður sprakk í íbúð í Naíróbí á dögunum. Sprengingin átti stað í þriggja hæða íbúðarbyggingu og leikur grunur á að íslamskir hryðjuverkamenn hafi verið að verki. Þriggja manna er leitað við rannsókn málsins.

## Mikið mannfall í hrinu árása vígamanna í Írak

**4 ÍRAK** Að minnsta kosti sextán manns hafa látist í nýlegri árásaröð í Bagdad. Sjö létust þegar árásmenn hófu skothríf við öryggisstöðvar, en fimm létust og sjö særðust þegar bíll sprakk í sjálfsmorðssprengjuárás nálægt borginni Ramidi.

**Miele**

Miele þvottavélar og þurrkarar **EIRVÍK**

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | [www.eirvik.is](http://www.eirvik.is)

**Fíkjubitar**

35% gráfíkjur

Góðgæti frá Frón

**Frón**

www.fronkex.is

kemur við sögu á hverjum degi

## Verið að reyna að greiða úr réttarágreiningi vegna ólögmeðtra gengislána: Fyrningarfrestur verður átta ár

**ALÞINGI** Efnahags og viðskiptanefnd Alþingis hefur lagt fram frumvarp þar sem mælt er fyrir um að fyrningarfrestur uppkjöfskrafa vegna ólögmeðtrar verðtryggingar láns-samninga í formi gengistryggingar, sem reiknast frá 16. júní 2010, verði átta ár í stað fjögurra. Fyrningarfresturinn átti að renna út í sumar.

Ástæðan fyrir því að þetta miðast við 16. júní er sú að þann dag fyrir tæpum fjórum árum komst Hæstiréttur Íslands að þeirri niðurstöðu að lög um vexti og verðtryggingu

veittu ekki heimild til að tengja fjárskuldbindingar í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að í kjölfar niðurstöðunnar hafi risið réttarágreiningur sem vart eigi sér hliðstæðu á íslenskum fjármálamarkaði og hafi enn ekki verið að fullu til lykta leiddur. Í grunninn hafi verið tekist á um hversu víðtækt bannið við gengistryggingu er, til hvaða samninga því er ætlað að taka og hver áhrif þess eru á uppgjör þeirra.



**SEDLAR** Fyrningarfrestur vegna ólögmeðtra gengislána hefur verið lengdur um fjögur ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Konur geta ekki látið frysta ófrjóvguð egg

Hvorki er hægt að láta frysta egg vegna mögulegra neikvæðra afleiðinga læknis-meðferðar né vegna mögulegrar ófrjósemi þegar sá rétti loksins finnst. Stefnt er að því að koma upp tækninni hér. Karlar geta látið frysta sædisfrumur sínar.

**HEILBRIGÐISMÁL** Karlar geta látið frysta sædisfrumur hér á landi en konur geta ekki látið frysta ófrjóvguð egg. Sautján ára stúlka sem þarf vegna veikinda að fara í meðferð sem dregur úr getu eggjastokka til að framleiða egg getur ekki látið frysta egg sín. Það getur heldur ekki kona á fertugsaldri sem óttast að frjósemi hennar verði farin að minnka þegar hún finnur þann rétta.



**SNORRI EINARSSON**

Þessu vilja lækningar á ART Medica ráða bót á. „Okkur finnst það spennandi og ákjósanlegt að konur geti látið frysta egg sín og við stefnum að því að koma þessari tækni upp hér þótt ekki sé kominn tímarámi á það hjá okkur,“ segir Snorri Einarsson, fæðinga- og kvensjúkdómalæknir, sem hefur sérhæft sig í ófrjósemi.

Norska ríkisútvarpið greindi nýlega frá því að tuttugu norsk- ar konur hefðu farið til Svíþjóðar til að láta frysta egg á læknastofum þar. Konurnar vilja eiga egg ef þær finna ekki mann sem þær vilja eignast barn með áður en frjósemi þeirra fer að dala. Í Noregi er hægt að láta frysta egg vegna meðferðar sem getur haft þær afleiðingar að framleiðsla eggja minnki eða hverfi. Þar er hins vegar bannað að frysta egg af svokölluðum félagslegum ástæðum.

„Ég held að það sé ekkert í íslenskum lögum sem bannar þetta. Það er kannski á gráu svæði hvort ástæðurnar eru félagslegar eða



**VIÐ KVENNADEILD LSH** Nokkrar fyrirspurnir hafa borist til ART Medica frá konum um hvort hægt sé að láta frysta þar ófrjóvguð egg. NORDICPHOTOS/AFP

## Læknisþjónusta og tæknifrjóvgun

Á ART Medica er alhliða læknisþjónusta sem miðar að því að rannsaka orsakir ófrjósemi og veita meðferð við henni. Þar er jafnframt öllum almennum vandamálum vegna kvensjúkdóma sinnt.

**Læknastofan er sú eina sinnar tegundar á landinu.**

af læknisfræðilegum toga þegar konur eru að komast á aldur. Það er til dæmis leyfilegt að fá egg frá annarri konu ef frjósemin hefur dalað það mikið að ekki er fýsilegt að nota eigin egg. Það er þá spurning hvort það sé ekki bara fyrirhyggja hjá konu að vera búin að frysta niður egg þegar hún er 34 ára. Það er hugsunin sem býr að baki hjá þessum konum.“

Snorri getur þess að þegar karl-

ar láta frysta sædisfrumur sé það af praktískum ástæðum. „Ef hjón eru í frjósemissmeðferð og eiginmaður er mikið frá vegna vinnu sinnar er ekki hægt að treysta á að hann sé til staðar þegar það hentar fyrir meðferðina að fá hjá honum sædisfrumur. Þess vegna eru dæmi um að menn geri þetta. En það er auðvitað læknisfræðileg ábending fyrir meðferðinni sem slíkri.“

ibs@frettabladid.is

Leikur Djurgården og Helsingborg á Olympia-leikvöllinum var blásinn af:

## Lét lífið fyrir leik í Helsingborg

**SVÍÞJÓÐ** 44 ára gamall áhangandi sænska fótballa- félagsins Djurgården frá Stokkhólmi lét lífið fyrir leik félagsins við Helsingborg í Olympia-leikvanginum í Helsingborg í Svíþjóð í gær. Mótmæli áhangenda á leiknum sjálfum urðu til þess að hann var blásinn af í fyrri hálfleik.

Á fréttavef Dagens Näringsliv í Svíþjóð er frá því greint að til átaka hafi komið milli stuðningsmanna liðanna fyrir leik nærri miðbæ Helsingborg. Lögregla var kölluð til vegna málsins um klukkan hálfþrjú, en á vettvangi var meðvitundarlaus maður með alvarlega höfuðáverka eftir að hafa fengið flösku í höfuðið. Hann lést svo á sjúkrahúsi skömmu eftir klukkan fjögur.

Eftir að orðrómur barst á fótballaleikvanginn um afdrif mannsins upphófst mótmæli áhangenda Djurgården og ruddist hluti þeirra inn á sjálfan völlum þegar 41 mínúta var liðin af fyrri hálfleik. Dómari gerði þá hlé á leiknum og leikmenn héldu í búningsherbergi. Um tuttugu mínútum síðar var leikurinn svo blásinn af. Óvíst er hvenær liðin mætast aftur.

Það tók lögreglu um klukkustund að rýma leikvanginn, en óeirðir héldu áfram í miðbæ Helsingborg. Rúður voru brotnar og að minnsta kosti einn þurfti að flytja undir læknishendur.



**Á VELLINUM** Öryggisverðir reyna að hafa hemil á áhangendum Djurgården í gær. NORDICPHOTOS/AFP



## ALMENNUNN HLUTAFJÁRÚTBOÐI SJÓVÁR LÝKUR Í DAG, 31. MARS KL. 16.00

**SJÓVÁ**

Almennt útboð á 23% útgefina hluta í Sjóvá-Almennum tryggingum hf. („Sjóvá“) fer fram dagana 27. mars til 31. mars 2014 og stendur áskriftartímabil útboðsins frá kl. 10.00 þann 27. mars til kl. 16.00 þann 31. mars 2014.

Útboðið er opið fyrir bæði almenna fjárfesta og fagfjárfesta og skiptist í tvær tilboðsbækur, A og B. Tilboðsbækurnar eru ólíkar hvað varðar verðlagningu, stærð áskrifta og úthlutunarreglur.

Í tilboðsbók A geta fjárfestar skráð sig fyrir áskriftum að kaupverði kr. 100.000 til kr. 10.000.000. Áskriftirnar geta verið á verðbilinu kr. 10,7 til 11,9 á hlut.

Í tilboðsbók B óska seljendur eftir tilboðum frá fjárfestum sem skulu vera að lágmarki kr. 10.000.001 að kaupverði og að hámarki í 9,99% eignarhlut í félaginu. Áskriftir í tilboðsbók B geta að lágmarki verið á verðinu kr. 11,9 á hlut.

Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf. hefur umsjón með almennu útboði og töku á hlutum Sjóvár til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf. er enn fremur söluaðili tilboðsbóka A og B. Verðbréfamiðlun Íslandsbanka hf. er annar söluaðili tilboðsbókar B.

### Skráning áskrifta

Áskriftum skal skilað í gegnum sérstakan rafrænan áskriftarvef Íslandsbanka sem aðgengilegur verður fjárfestum á vef Íslandsbanka, [www.islandsbanki.is](http://www.islandsbanki.is), við upphaf útboðsins. Fjárfestar eru minntir á að kaup á hlutabréfum eru í eðli sínu áhættufjárfesting og að þátttaka í útboðinu er skuldbindandi.

### Úthlutun og skerðing áskrifta

Komi til þess að áskriftir sem borist hafa jafngildi fleiri hlutum en þeim sem boðnir eru til sölu í útboðinu kemur til skerðingar á áskriftum og verður úthlutun í höndum úthlutunarnefndar.

### Nánari upplýsingar

Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér upplýsingar um Sjóvá og skilmála almenna útboðsins í lýsingu Sjóvár, dagsettri 11. mars 2014, sem aðgengileg er á vefsíðu félagsins, [www.sjova.is/fjarfestar](http://www.sjova.is/fjarfestar).



VÍB – Eignastýringarþjónusta Íslandsbanka mun veita upplýsingar í tengslum við útboðið sem og tæknilegar upplýsingar er varða áskriftarvefinn. Upplýsingar verða veittar í síma 440 4900 og í gegnum netfangið [vib@vib.is](mailto:vib@vib.is) milli klukkan 09.00 og 17.00 í dag.

## VEISTU SVARID?



1. Hvað kallast hin umdeilda rafmynt sem mikið hefur verið í deiglu um að undanförunu?
2. Hvað heitir íslenski körfuknattleiksmaðurinn og Snæfellingurinn sem lagði skóna á hilluna í síðustu viku?
3. Hver tekur við framkvæmdastjórastarfi Atlantshafsbandalagsins af Anders Fogh Rasmussen?

SVÖR:

1. Ávörögin. 2. Jón Ólafur Jónsson (Norn). 3. Jens Stoltenberg.

# Rússlandsher tekur við höfrungum sem þjálfaðir höfðu verið til sprengjuleitar hjá Úkraínumönnum: Höfrungar aftur í árásaþjálfun hjá Rússum

**ÚKRAÍNA** Rússar munu væntanlega taka við höfrungum frá Úkraínumönnum sem sagðir eru hafa verið þjálfaðir í sprengjuleit, að því er segir í frétt á vef The Telegraph.


Höfrungar munu hafa verið þjálfaðir til árása hjá sovéskum hernum á tímum kalda stríðsins og er talið að þeir hafi jafnvel verið þjálfaðir til að drepa óvinveitta kafara. Í þeim tilgangi hafi sérstökum hnífum verið komið fyrir á baki þeirra. Jafnframt er talið að sprengjum hafi verið komið fyrir á baki höfrunga þannig að þeir gætu gert sjálfsmorðsárás á herskip óvina.

Við hrun Sovétríkjanna 1991 fengu Úkraínu-

menn bæði höfrungana og þjálfara þeirra. Ný kynslóð höfrunga fékk nýtt hlutverk og hafa þeir verið notaðir í meðferð fatlaðra barna.

En árið 2012 hófst á ný herþjálfun höfrunga í Úkraínu. Í febrúar á þessu ári kynnti hins vegar varnarmálaráðuneytið í Úkraínu áætlun um að sleppa höfrungum eða koma þeim fyrir hjá einkaaðilum í sparnaðarskygni. Nú er vonast til að Rússar haldi herþjálfun höfrunganna áfram, að því er segir í frétt The Telegraph sem vitnar í rússneska fréttastofu.

Í frétt The Telegraph segir að höfrungar hafi einnig fengið herþjálfun í Kaliforníu í Bandaríkjunum.



**HÖFRUNGAR** Myndin er tekin af höfrungum í Rauða hafinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**ÁSTRÖLSK LEITARVÉL** Fjöldi flugvéla og skipa leitaði um helgina. NORDICPHOTOS/AP

Leitað á öðru svæði:

## Vélin talin hafa flogið hraðar

**MALASÍA, AP** Fljótlega eftir að ákveðið var að leita á öðru svæði, norðaustan við fyrra leitarsvæði, sást úr leitarflugvélu á floti í hafinu allmargir hlutir sem gætu verið úr týndu farþegaþotunni frá Malasíu. Í gær hafði þó ekki enn fundist brak úr vélinni.

Ákveðið var að breyta um leitarsvæði eftir að nýir útreikningar á gögnum úr gervihnetti sýndu að vélin hafði flogið hraðar en áður var talið.

Farþegaþotan hefur nú verið týnd í meira en þrjár vikur. -gb

### TVEIR Í FORMANNINN

Kristín Helga Gunnarsdóttir og Sindri Freysson hafa boðið sig fram til formann Rithöfundasambandsins. Kosid verður á aðalfundi sambandsins 8. maí næstkomandi. Hallgrímur Helgason og Hermann Stefánsson buðu sig fram til meðstjórnanda. Varaformaður, Jón Kalman Stefánsson, og varamaður, Gauti Kristmannsson, teljast sjálfkjörnir enda barst ekkert móttframboð.

# Þriðjungur iðgjalda í bætur

Mikill meirihluti merkir við slysatryggingu við heimilisstörf á skattframtali. Iðgjöldin námu 66 milljónum króna í fyrra. Sama ár greiddu Sjúkratryggingar Íslands 22 milljónir í bætur vegna slysa við heimilisstörf.

**HEILBRIGÐISMÁL** Árið 2013 merktu 147.500 Íslendingar við slysatryggingu við heimilisstörf á skattaframtali. Iðgjaldið er 450 krónur og því voru greiddar rúmar 66 milljónir króna til Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) það árið.

SÍ taka við tilkynningum um slys og greiða út bætur ef umsókn er samþykkt. Á árinu 2013 barst 141 tilkynning um slys við heimilisstörf. Bótaskylda var samþykkt í 93 tilfellum og greiddu SÍ út 22 milljónir í bætur.



**BERGLIND YR KARLSDÓTTIR**

Hugtakið slys er skilgreint í lögum og reglugerð sem skyndilegur utanaðkomandi atburður sem veldur meiðslum á líkama þess sem er tryggður og gerist án vilja hans. Því nær tryggingin ekki til allra atvika eða meiðsla sem geta átt sér stað við heimilisstörf. Ef maður dettur um stól við þrif getur það fallið undir slyshugtakið. Ef maður aftur á móti misstígur sig við þrif án utanaðkomandi áhrifa, gæti það fallið utan tryggingaverndar.

Berglind Yr Karlsdóttir er deildarstjóri slysa- og sjúklingatryggingar. Hún segir af og frá að SÍ græði á

Stofnunin situr ekki uppi með gróða eins og tryggingafélag í einkarekstri.“

Berglind Yr Karlsdóttir, deildarstjóri slysa- og sjúklingatryggingar.

heimilstryggingunni vegna 44 milljóna króna mismunar á iðgjöldum og greiðslu bóta. „Stofnunin situr ekki uppi með gróða eins og tryggingafélag. Heimilstryggingin er partur af stórum flokki slysatrygginga sem falla undir almannatryggingar. Mismunurinn vegna heimilstryggingar rennur til þeirrar heildar. Það er ekki þannig að það safnist sjóður,“ segir Berglind.

Hún segir tvö þúsund tilkynningar berast stofnuninni árlega. Slysa vegna heimilisstarfa eru eingöngu 7-8 prósent af tilkynningum. En gæti verið að fáir viti um rétt sinn til bóta og merki við skattskýrsluna hugsunarlaust? „Við getum ekki vitað það. En reglugerð um trygginguna var víkkuð út árið 2012 þannig að hún gildi líka fyrir viðhaldsstörf og viðgerðir á heimilinu. Við höfum satt best að segja búist við að tilkynningum fjölgi í kjölfarið. Það á kannski eftir að koma betur í ljós á næstu misserum.“

erlabjorg@frettabladid.is



## SLYSATRYGGING VIÐ HEIMILISSTÖRF FJÁRHÆÐ IÐGJALDA OG BÓTA


**66 milljónir**

147.500 manns greiddu 66 milljónir í iðgjald til Sjúkratrygginga Íslands.

22 milljónir voru greiddar til 93 einstaklinga. Bætur voru 237 þúsund krónur að meðaltali **22 milljónir**

## TILKYNNINGAR UM SLYS 141 TILKYNNIR UM SLYS

48 umsóknum synjað eða hafa ekki verið teknar til ákvörðunar



93 umsóknir samþykktar

# Við mælum rafgeyminn í bílnum þínum þér að kostnaðarlausu

## Norðurland

### KVH

Strandgötu 1 · 530 Hvammstangi  
Sími 455 2300

**Vélaverkstæði Hjartar Eiríkssonar**  
Búlandi 1 · 530 Hvammstangi  
4512514

**Bifreiðaverkstæði Blönduós**  
Efstubraut 2 · 540 Blönduós  
Sími 452 2600

### N1 Píparinn

Efstubraut 2 · 540 Blönduós  
Sími 868 6066

### Pardus

Suðurbraut · 565 Hofsó  
Sími 453 7380

### Bás

Ránargötu 14 · 580 Siglufjörður  
Sími 467 1860

### Bílatorgið Akureyri

Dalsbraut 1 · 600 Akureyri  
Sími 464 2121

**Bifreiðaverkstæði Bjarnhéðins**  
Fjölnisgötu 2a · 603 Akureyri  
Sími 462 2499

### Múlatindur

Múlavegi 13 · 625 Ólafsfjörður  
Sími 466 2194

### Bílapjónustan

Garðarsbraut 52 · 640 Húsavík  
Sími 464 1122

### Bílaleiga Húsavíkur

Garðarsbraut 66 · 640 Húsavík  
Sími 464 1888



**Stilling**

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

PESSARI FRÉTT FYLGIR GRAFÍK SEM VAR BÚIN TIL Á MIÐVIKUDAGINN!!


Netöryggissveit flutt til almannavarnadeildar:

# Öryggið aukið eftir innbrot hjá Vodafone

**FJARSKIPTI** Netöryggissveit Póst- og fjarskiptastofnunar verður flutt til almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra. Með því er ætlað að auka öryggi á þessu sviði og tryggja forvarnir og vinnubrögð.

Innanríkisráðherra, Hanna Birna Kristjánsdóttir, lét gera sérstaka úttekt á net- og upplýsingaöryggi fjarskipta í kjölfar þess alvarlega öryggisbrests sem varð vegna tölvuinnbrots hjá fjarskiptafyrirtækinu Vodafone aðfaranótt 30. nóvember 2013.

Páli Ásgrímssyni hdl., sem hefur sérhæft sig í samkeppnis- og fjarskiptarétti, var falið verkefnið. Tilgangur úttektarinnar var að greina heildstætt stöðu ofangreindra öryggismála og koma með ábendingum um hvernig tryggja megji net- og upplýsingaöryggi sem best.



**Í SKÚTUVOGI** Úttekt var gerð á net- og upplýsingaöryggi fjarskipta í kjölfar innbrots hjá Vodafone. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Niðurstaða úttektarinnar var sú að farsælast verði að færa netöryggissveitina, verkefni hennar og eftirlit til almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra, líkt og algengast er í nágrannalöndum okkar.

Í kjölfarið lagði Hanna Birna fram frumvarp þess efnis sem ríkisstjórnin samþykkti fyrir helgi. - ebg

Fátækum börnum fjölga í Noregi segir norska hagstofan:

# Börn innflytjenda búa við fátækt

**NOREGUR** Fátæk börn í Noregi voru 78.200 árið 2012 og hafði þeim fjölgað um 4.300 á einu ári, samkvæmt tölum frá norsku hagstofunni sem fjölmiðlar í Noregi vitna í. Fjölgunin er mest meðal barna innflytjenda.

Einkum eru það börn fjölskyldna frá Sómalíu, Írak, Pakistan og Afganistan sem búa við fátækt. Alls eru 70 prósent sómalskra barna í Noregi fátæk. Bent er á að innflytjendafjölskyldur séu barnmargar og hafi þess vegna marga munna að metta auk þess sem atvinnuleysi sé algengt meðal þeirra. - ibs



# Fermingartilboð

**3 verð á rúmfötum**

**7.990 kr | 8.990 kr | 9.990 kr**

**100% Pima bómull**  
**Íslensk hönnun**

Bíomiði fylgir  
öllum rúmfötum



## Öllum þykir vænt um náttúruna

Í samstarfi við Rauða krossinn tökum við á mótinu notuðum rúmfötum frá Lín Design. Við bjóðum þér 15% afslátt af nýrri vöru. Rauði krossinn kemur notaðri vöru áfram til þeirra sem þarfnast hennar.



**Lín**  
DESIGN

Lín Design Laugavegi 176 Glerártorgi Akureyri Sími 533 2220 [www.lindesign.is](http://www.lindesign.is)

# Verkefnisstjórn ræður endurmati

Ákvörðun um endurmat virkjanakosta í verndar- og nýtingarflokki er alfarið í höndum verkefnisstjórnar 3. áfanga rammaáætlunar. Orkustofnun lagði 91 virkjanakost fyrir verkefnisstjórnina, en enginn tími, eða fjármagn, er til að meta þá alla, segir formaður verkefnisstjórnar.

Svarar  
Hávarðsson  
svavar@frettabladid.is



Verkefnisstjórn 3. áfanga rammaáætlunar (RÁ3) er það í sjálfsveld sett hvort hún fjallar um þá virkjanakosti sem voru flokkaðir í verndar- eða nýtingarflokk í 2. áfanga rammaáætlunar (RÁ2). Þetta kemur fram í lögfræðiálit umhverfis- og auðlindaráðuneytisins frá 12. mars. Orkustofnun hefur lagt 91 virkjanakost fyrir verkefnisstjórnina. Formaður verkefnisstjórnarinnar segir að forgangsröðun þeirra sé nauðsynleg vegna tíma- og fjárhagskorts.

## Áhugi

Orkustofnun auglýsti 1. október 2013 eftir umsóknum um hvaða virkjanakosti lögaðilar hefðu áhuga á að yrðu teknir til meðferðar hjá verkefnisstjórn RÁ3. Átti það einnig við um þá kosti sem áður hafði verið fjallað um og óháð því í hvaða flokk virkjanakostirnir voru settir við lok RÁ2, eins og segir í auglýsingu, en eins og komið hefur fram lagði Orkustofnun á dögnum fyrir verkefnisstjórn rammaáætlunar 91 virkjanakost til umfjöllunar. Af þeim eru 27 nýir en um 64 virkjanakosti hefur verkefnisstjórn fjallað áður og flokkað í nýtingar-, bið-, eða verndarflokk. Þar af eru 19 virkjanakostir sem féllu í verndarflokk í afgreiðslu RÁ2, t.d. Norðlingaölduveita sem er afar umdeild.

Stefán Gíslason, formaður verkefnisstjórnarinnar, segir í svari til Fréttablaðsins að henni beri ekki skylda til að taka alla kostina fyrir, í það minnsta ekki kosti sem eru í orkunýtingar- eða verndarflokki og engin ný gögn hafa komið fram um.

Vegna auglýsingar Orkustofnunar, og orðalags hennar, kom reyndar upp óvissa í verkefnisstjórn RÁ3 um lagalega stöðu þeirra kostna sem raðað var í orkunýtingarflokk eða verndarflokk í RÁ2 og eru komnir inn aftur til meðferðar. Verkefnisstjórnin leitadi því lögfræðiálits umhverfis- og auðlindaráðuneytisins til að fá úr þessu skorið, en verkefnisstjórninni var ekki ljóst hvort henni bæri að meta alla kostina á ný.

## Enginn vafi

Í álit ráðuneytisins um endurmat virkjunarkosta er tekinn af allur vafi um að lög nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun leggja þessa ákvörðun í hendur verkefnisstjórninni óháð því hvernig virkjanakosturinn kom inn á hennar borð að nýju. „Í samræmi við framangreint er það mat ráðuneytisins að það sé í höndum verkefnisstjórnarinnar hvort tiltekinn virkjunarkostur verði endurmetinn eða ekki.“ Verkefnisstjórn ber einfaldlega að rökstyðja ákvörðun sína um hvort forsendur hafa breyst, t.d. með nýjum og betri upplýsingum um viðkomandi virkjunarkost.

Spurður hvort verkefnisstjórnin þurfi ekki að forgangsráða þeim virkjanakostum sem teknir verða


„Í samræmi við framangreint er það mat ráðuneytisins að það sé í höndum verkefnisstjórnarinnar hvort tiltekinn virkjunarkostur verði endurmetinn eða ekki.“

Lögfræðiálit umhverfis- og auðlindaráðuneytisins

til umfjöllunar vegna fjölda þeirra segir Stefán svo vera. „Verkefnisstjórn hlýtur að verða að forgangsráða. Eins kann hún að fá fyrirmæli frá ráðherra um það. Í öllu falli sé ég ekki hvernig á að vera hægt að fjalla um 91 virkjunarkost samtímis miðað við þann tímaramma og fjárveitingar sem verkefnisstjórnin hefur,“ segir Stefán, sem hefur ekki upplýsingar um hvort til standi að auka fjárveitingar til rammaáætlunar vegna tillagna Orkustofnunar.

## Skyldan óbreytt

Verkefnisstjórnin óskaði einnig eftir álit ráðuneytisins á lagalegri stöðu vegna þeirra virkjunarkosta sem hún hugsanlega ákveður að taka til endurmat í 3. áfanga, en engar ákvarðanir hafa verið teknar um slíkt. Er þar sérstaklega spurt hvort hægt sé að sækja um framkvæmdaleyfi á svæði eða friðlýsa það meðan virkjanakostur er í endurmati. Í lögfræðiálitinu segir: „Stjórnvöldum er óheimilt að veita leyfi tengd orkurannsóknnum eða



**HOFSJÖKULL OG ÞJÓRSÁRVER** Verkefnisstjórn rammaáætlunar er ekki skyldug til að endurmeta Norðlingaölduveitu sem virkjunarkost, samkvæmt lagatúlkun umhverfisráðuneytisins, nema hún meti það svo að forsendur séu mjög breyttar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Ekkert gert meðan reglugerðina vantar

Staða Orkustofnunar og verkefnisstjórnar 3. áfanga rammaáætlunar er nokkuð sérstök. Beðið er reglugerðar um virkjunarkosti frá stjórnvöldum sem eru forsenda þess að Orkustofnun geti stíllt upp nánar þeim virkjanakostum sem til greina koma, og á meðan er verkefnisstjórnin í lausu lofti.

Reglugerðin er í raun forsenda þess að vinna verkefnisstjórnar geti hafist, þar sem ekki er hægt að fá öll gögn frá virkjunaraðilum og Orkustofnun fyrir en reglugerðin er tilbúin. Reglugerðin mun vera langt komin og í yfirlestri í atvinnu- og nýsköpunaráðuneytinu. Reglugerðin er unnin með umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, sem rammaáætlun heyrir undir.

orkuvinnslu vegna virkjunarkostsins [...] Þá hvílir einnig áfram sú skylda á stjórnvöldum að hefja undirbúning á friðlýsingu svæða í verndarflokki.“

Verkefnisstjórn er ekki skyld-

ug til að gera þetta, skv. lagatúlkun umhverfisráðuneytisins, nema hún meti það svo að „til staðar séu breyttar forsendur sem leiði til þess að þörf sé á að meta virkjunarkostinn að nýju“.

www.volkswagen.is



## Volkswagen Caddy Snjallari kynslóð atvinnubíla

Íslenskir atvinnurekendur vita að þegar þarf að kljást við misjafnar íslenskar aðstæður er þýskt hugvit snjallasti mótalekurinn. Það er því engin furða að Volkswagen Caddy hefur verið mest seldi atvinnubíll á Íslandi undanfarið ár.

Nýjasta útfærslan af Caddy er sú snjallasta til þessa. Með snjallsímanum þínum getur þú til dæmis tíma- og fjarstýrt olíumiðstöðinni og tryggt þér hlýja og notalega byrjun á vinnudeginum. Þetta er bara einn af nýjum eiginleikum í Caddy, vinnubarkinum þýska, sem er nú snjallari en nokkru sinni fyrr.

Snjall-Caddy kostar aðeins frá

**3.250.000 kr.**

(2.589.641 kr. án vsk)

**VW SNJALL-BÍLL**

### Staðalbúnaður í Caddy

- Rennihurðir á báðum hliðum
- 15" stálfelgur og heilkoppar
- Lokað skilrúm með glugga
- Fullkomin stöðugleikastýring og spólvörn
- Hæðarstillanlegt öikumannssæti
- Loftpúðar fyrir öikumann
- Útvarp með geislasplara
- Klukka
- Fullkomin aksturstölv
- Glasahaldari
- Fjarstýrðar samlæsingar
- Rafstýrðir upphitaðir hliðarspeglar
- Hæðarstillanlegt öryggisbelti
- Velti- og aðdráttarstýri
- Viðarklæðning í lofti og hliðum og gúmmidúkur á gólfi flutningsrýmis

### Aukabúnaður Snjall-Caddy

- Þráðlaust símkerfi
- Fjarlægðarskynjarar að aftan
- Stigalúga\*
- Tveir fjarstýringarlyklar
- Fjarstýrð Webasto olíumiðstöð með snjallsímabúnaði
- Sjúkrpúði
- Hraðastillir (Cruise Control)



Atvinnubílar

\*Ekki mögulegur aukabúnaður í Caddy Maxi



Síminn 

Nú geturðu hringt endalaust fyrir 5.990 kr. á mánuði

4G  
LTE

Kynntu þér endalaust tal og sms á [www.siminn.is](http://www.siminn.is)

Með nýju snjallpökkunum geturðu hringt endalaust og sent endalaust mörg SMS

Í dag er góður dagur fyrir þá sem hafa frá mörgu að segja.

Síminn kynnir nýja endalaus snjallpakka svo þú getir loksins talað endalaust og sent endalaust mörg SMS. Þeir kosta aðeins frá **5.990 kr. á mánuði** og þú sendir eins mörg SMS og þú getur og hringir **eins oft og jafn lengi og þú vilt í alla farsíma og heimasíma á Íslandi!**

Þrjár endalaust frábærar leiðir í boði:

ENDALAUST TAL OG SMS	ENDALAUST TAL OG SMS	ENDALAUST TAL OG SMS
5.990 kr.	6.990 kr.	8.990 kr.
500 MB	1 GB	3 GB

Er líf gíraffa merkilegra en mannlíf?

## Myrtir í gamni utanlands

Á síðu 12 í Fréttablaði laugardagsins er frétt með yfirskriftinni „Fá ríki taka fólk af lífi“. Fréttin er unnin upp úr nýrri skýrslu Amnesty International um staðfestar aftökur á heimsvísu árið 2013. Strax í undirfyrirsögn kemur fram að staðfestum aftökum í heiminum hafi fjölgað um fimmtán prósent á nýliðnu ári og þá eru aftökur í Kína ekki teknar með í reikninginn því þar er fjöldi aftaka ríkisleyndarmál. Fram kemur þó í fréttinni að þar séu þúsundir manna teknar af lífi árlega. Að auki kemur fram að ekki hafi fengist staðfest hvort aftökur hafi farið fram í Egyptalandi og Sýrlandi. Þessi fimmtán prósent fjölgun á því einungis við þær tölur sem gefnar eru upp af viðkomandi þjóðríki.



Friðrika Benónýsdóttir

fridrikab@frettabladid.is

„Einungis“ 22 ríki framfylgdu dauðadómum á síðasta ári svo staðfest sé, segir ennfremur og sú framfylgni kostaði að minnsta kosti 778 manns lífið. „Einungis“.

Fréttin birtist í framhaldinu á forsíðu Vísis á laugardagsmorgni. Ekki vakti hún mikla athygli, fékk aðeins níu deilingar og þeir sem settu sig í samband við fréttastofuna út af henni höfðu einungis áhyggjur af einu: að myndin sem henni fylgdi væri „einstaklega óhugnanleg“ og ætti ekki heima á forsíðu vefmiðils sem allir sæju. Myndin sýndi þrjá menn hanga í gálgum eftir opinbera hengingu í Íran. Þrjú menn af þessum 778 sem staðfest er að hafi verið teknir af lífi samkvæmt úrskurði stjórnvalda. Enginn minnst á að þær upplýsingar væru „einstaklega óhugnanlegar“ eða benti á það undarlega fréttamat að fyrirsögnin benti á hversu fá ríki framkvæmdu aftökur í stað þess að leggja áherslu á fimm-tán prósent fjölgun þeirra. Það virtist öllum vera nokkuð sama.

Til samanburðar er áhugavert að rifja upp fréttaflutning af aflífun gíraffa á dýragarði í Kaupmannahöfn fyrir skemmstu. Sú frétt á Vísí fékk nærri þrjúþúsund deilingar og samfélagsmiðlarnir loguðu í heilagri vandlætingu yfir þessari svívirðulegu meðferð á dýrinu. Í Danmörku rituðu 25.000 manns nöfn sín á undirskriftalista til að biðja dýrinu gríða og ein helsta ástæðan var að þetta væri „ungt og heilbriggt“ dýr og ætti því skilið að fá að lifa.

Í frétt Fréttablaðsins koma ekki fram neinar upplýsingar um aldur og líkamlegt heilbrigði þess fólks sem tekið var af lífi með blessun stjórnvalda 22 ríkja á síðasta ári. Ótrúlegt er þó að það hafi allt verið komið að fótum fram og því bættur skaði þótt það týndi lífinu, enda leggjum við ekki þann mælikvarða á rétt fólks til að lifa. Það er því gjörsamlega óskiljanlegt að þessi frétt vekji svona lítill viðbrögð. Er okkur alveg sama um „eithvert fólk í útlöndum“ sem við þekkjum ekki neitt? Er okkur sama þótt samstarfsþjóðir okkar, til dæmis Kína og Bandaríkin, framfylgi dauðarefsingum yfir fólk, svo framarlega sem þær þyrma dýrum? Erum við orðin svo firrt og fjarlæg mannlegri samlíðan að aflífun eins gíraffa skipti okkur meira máli en aftökur hundruða mannskja?

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Sitja enn í súpunni

Vilhjálmur Bjarnason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, er ekki par hrifinn af aðgerðum ríkisstjórnarinnar til hjálpar skuldugum húsnæðiseigendum. Hann var gestur í þættinum Sunnudagsmorgunn með Gísla Marteini og þar fullyrta þingmaðurinn að þeir sem væru í mestri neyð vegna húsnæðislána sætu enn í súpunni þrátt fyrir boðaðar aðgerðir ríkisstjórnarinnar. Vilhjálmur sagði jafnframt að það hefðu nú verið fleiri sem voru með verðtryggð lán á þessum tíma, til að mynda stúdentar sem tóku námslán hjá LÍN. Þingmaðurinn sagði að

það væri ekki tekið á vanda allra heldur aðeins þeirra sem voru með verðtryggð íbúðarlán. Þetta er hárrétt hjá þingmanninum það voru fleiri með verðtryggð lán á þessum tíma en íbúðareigendur og spurning hvort ekki sé verið að mismuna fólki eftir því í hverju það fjárfesti. Á góðviðrissdögum ræða menn um gildi menntunar og að hún sé framtíðarfjárfesting bæði fyrir einstaklinga og þjóðfélagið allt.

#### Maður á ekki að vera reiður

Það var bara nokkuð létt yfir Sigurði Inga Jóhannssyni



sjárvarútsvegráðherra í viðtali í RÚV þar sem hann sagðist vera á leið til Færeyja til viðræðna við starfsbróður sinn, Jakob Vestergaard. Makrílveiðar verða væntanlega á dagskránni hjá ráðherrunum. Eins og menn vita þá sömdu Norðmenn, Evrópusambandið og Færeyingar um skiptingu makrílkvótans án þess að hafa Íslendinga með. Það olli nokkurri reiði og sárindum. Sigurður Ingi er hins vegar ekki lengur reiður, að minnsta kosti ekki við Færeyinga: „Maður á aldrei að vera reiður, ekki þegar maður mætir til samningafunda,“ sagði ráðherrann. Svo er það spurning hvort allir aðrir séu búnir að jafna sig.

johanna@frettabladid.is

### HALLDÓR



### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

ERTU MED

# slitgigt

Í HNÉ EÐA MJÖDM

Vandað 8 vikna námskeið hefst 7. apríl.

Markmiðið er að draga úr einkennum slitgigtar og auka lífsgæði með fræðslu og markvissri þjálfun.

Reyndir sjúkráþjálfarar sem hafa kynnt sér slitgigtarskóla í Danmörku og Svíþjóð.

Slitgigtarskólinn er nýjung á Íslandi sem byggir á fyrirmynd frá Norðurlöndum sem hefur gefið mjög góða raun.

Allar upplýsingar og skráning hjá Sjúkráþjálfaranum.

Sími 555 4449 · afgreidsla@sjukrathjalfarinn.is

## Sjálftaka hvað?

### FJÁRMÁL



Sigríður Ingibjörg Ingadóttir þingkona Samfylkingarinnar

Karl Garðarsson, þingmaður Framsóknarflokksins, kvartaði yfir kostnaði við rannsóknarnefndir Alþingis í kjölfar hrunsins í grein hér í blaðinu sl. miðvikudag og talaði um sjálftöku í því sambandi. Kokhraustur mjög vill hann nú rannsaka rannsakendurna. En um hvað snýst þetta mál í raun?

Þegar fjármálakerfið hrundi afhjúpuðust spilaborgir manna sem töldu sig hafa sérstakt vit á fjármálastarfsemi og fyrir-tækjarekstri. Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur einkavæddu Landsbanka og Búnaðarbanka með því að selja þá „réttum aðilum“ sem fengu lán hvor hjá öðrum til kaupanna. Eftir nokkur ár af skuldsettum yfirtökum hrundi ævintýrið til grunna. Sjálfur Seðlabankinn varð gjaldþrota.

„Íslenska efnahagsundrið“ varð að viðundri á heimsvísu. Íbúðalánasjóður var tífandi tímasprengja, tap hans verður aldrei undir 100 milljónum. Eftir að bankarnir ruddust inn á íbúðalánamarkaðinn, í kjölfar óábyrgra kosningalofrða Framsóknarflokksins um 90% lán, voru viðbrögð stjórnenda sjóðsins og stjórnvalda að láta sjóðinn veita bönkunum samkeppni.

Íbúðalánasjóður varð einn helsti fjármögnunaraðili húsnæðislána bankanna og væri gjaldþrota í dag ef ekki væri fyrir ríkisábyrgð og framlög ríkisins upp á tugi milljarða. Beinn kostnaður ríkis-

→ Kaldir karlar geta talað um sjálftöku í þeim efnum til að beina athyglinni frá þeim mistökum, sumra beinlínis vegna sjálftöku, sem leiddu til nær 1.000 milljarða tjóns fyrir ríkissjóð.

sjóðs og þar með almennings af gjaldþroti bankanna, sparissjóðanna, Seðlabankans og Íbúðalánasjóðs er hátt í 500 milljarðar króna.

Með hrúni krónunnar hrundi kaupmáttur og í ár fer áttunda hver króna ríkisins í vaxtagreiðslur. Uppsafnaður vaxtakostnaður ríkissjóðs vegna skulda frá hrúni er nú þegar rúmí 400 milljarðar.

Margir aðilar brugðust í aðdraganda hrunsins, þ.á.m. Alþingi. Skipan þingsins á fjórum rannsóknarnefndum er leið til að upplýsa þjóðina um orsakir og atburðarás og til að læra af mistökum og koma í veg fyrir að þau verði endurtekin. Enn hefur ekki verið veitt fjárheimild fyrir rannsókn á einkavæðingu bankanna. Kostnaður við nefndirnar er vissulega of mikill og nauðsynlegt að læra af því. Kaldir karlar geta talað um sjálftöku í þeim efnum til að beina athyglinni frá þeim mistökum, sumra beinlínis vegna sjálftöku, sem leiddu til nær 1.000 milljarða tjóns fyrir ríkissjóð.

# Við erum gestir og hótél okkar er Facebook

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur



Facebook er kaffihús. Og það er margt um manninn á svona stað. Við sitjum hvert við sitt borð og mösum, ráfum á milli, þrósum, skensum, brosum og bullum. Sumir hlamma sér niður við borðið hjá manni og eru með háreysti og skæting, annað fólk er kurteist og skemmtilegt; sumar rekja ættir; kunnugleg er týpan „Fullur á Facebook“; sumir læka allt af takmarkalausum örlæti síns anda; aðrir búa til hálfgerð furstaðæmi kringum persónu sína og verða nokkurs konar lækóhólistar. Sumir bera út sögur, aðrir sitja, óareittir og spakir. Í raun og veru erum við flest heima í náttfötunum, með lappir upp á borði, að horfa á sjónvarpið, geispandi.

## Pví það er svo misjafnt sem ...

Og sumum liggur reiðinnar ósköpp á ... Sem sé: Facebook er kjaftaklöpp og ég var þar um daginn að tala um Tómas Guðmundsson við Hannes Hólmstein. Tilefnið var bráðskemmtileg umfjöllun Kiljunnar um skáldastyttur bæjarins, og voru þar höfð eftir Tómasi Guðmundssyni orð eitt-hvað á þá leið að fátt væri raunalegra en baksvipurinn á Steini Steinarr á leið upp Bankastrætið. Rifjaðist þá upp vísa sem Steinn gerði um hinn miðaldra skáldbróður sinn, nokkurn veginn á þessa leið: „Hér situr Tómas skáld með bros á brá, / bjartur á svip sem fyrsta morgunsárið. / Ó hve mig vinur tekur sárt að sjá, / að sálin skyldi grána fyrr en hárið.“

Ég hafði numið söguna fyrir meira en þrjátíu árum af Óskari Halldórssyni íslenskufraeðingi og einni feegurstu ljóðarödd síðustu aldar. Samkvæmt þeirri sögu var þetta í fimmtugsafmæli Tómasar, 1951, og hripaði Steinn niður vísuna og lét miðann ganga til afmælisbarnsins, niður allt

háborðið, svo að allir mættu lesa. Hannes hafði hins vegar skráð söguna þannig – og vill að sú gerð sé „hin rétta“ – að þeir Steinn og Dósópeus Tímótheusson hafi setið á Hressó, sama ár, og Tómas þar nærri á öðru borði og Dósa orðið að orði: Hér situr Tómas skáld ... en Steinn gripið það á lofti og þrjónað við vísuna, sem var lítillega öðruvísi hjá Hannesi, en ekki þannig að sá orðamunur skipti máli. Hannes hafði svo eftir Matthíasi Johannesen, sameiginlegum vini þessara skálda, að Tómas hafi aldrei fyrirgefið vísuna.

Það er trúlegt – og kannski það trúlegasta við söguna, enda eigum við sjaldnast að trúa hagaröngum þegar þeir þykjast mæla vísur sínar af munni fram eftir að hafa legið yfir þeim heima.

## Raunverulegur íhaldsmaður

Ekki leið á löngu áður en Hannes var kominn á Volgubakka og farinn að tala áminnandi um Stalín eins og hann væri eitthvað á mínum vegum, en ég var farinn að bólsótast yfir því hvað hann þættist alltaf vita allt betur en annað fólk. Eins og gengur. Við höfum öll okkar kæki.

Hitt er umhugsunarefni að ólíkar útgáfur okkar Hannesar ættu að vera þjóðfræðingum og bókmenntafræðingum dæmi um það hvernig munnleg geymd starfar. Ólíkar gerðir fara eftir þeim sem segir hverju sinni en þó einkum þeim sem hlustar – hverjum sagan er ætluð. Í minni gerð (sem mér finnst sennilegri) er Tómas niðurlægður frammi fyrir broddborgum Reykjavíkur af því Reykjavíkuskáldi sem enn árið 2014 þykir ekki nógu finn til að fá af sér stytta eða minningamark af einhverju tagi. Í gerð Hannesar situr Steinn með Dósópeusi, sem var að minnsta kosti ekki til broddborgara talinn, svo að ekki sé dýpra í árinu tekið; Steinn er þar í allt öðrum og „lægrí“ félagslegum aðstæðum og í kompaníi við hæfi og árásin verður einhvern veginn meira eins og niðurskálðahjal um skáld sem situr á sínum hefðartindi.

Hannes taldi að Tómas hafi verið viðkvæmur á þessum árum vegna þess að kommúnistar

„Mörg skáld yrkja mörg sín bestu ljóð eftir að þau eru dottin úr tísku, frjáls undan því að vera „sál tímans íklædd máli“.“

hafi gert harða hríð að honum af því að hann studdi vestræna samvinnu. Ég svaraði því til að Tómas hafi verið viðkvæmur fyrir vísunni af því að hann hafi verið orðinn úreltur, hafi lifað sjálfan sig og lokast inni í sínum afmarkaða skáldskaparheimi.

Sagði ég – í hita leiksins – þarna á Facebook, í náttfötunum, með annað augað á syfjulegum glæpaþætti og hitt á rúminu. Þetta kann svo sem að vera rétt hjá mér – þannig lagað – en hitt yfirsást mér, að fyrir skáld er til margt verra en að vera „úrelt“ eða inni í eigin skáldskaparheimi. Mörg skáld yrkja mörg sín bestu ljóð eftir að þau eru dottin úr tísku, frjáls undan því að vera „sál tímans íklædd máli“, þurfa ekki lengur að túlka og tjá almenna tilfinningu tíðarandans fyrir tilteknum málum og hugsjónum.

Þannig var það með Tómas fimmtugan, árið 1951. Hann var kannski Reykjavíkurskáld, en það var þá sem smábæjarskáld – borgin með sínum skarkala og taktfasta háska er ekki mikið í hans ljóðum, þetta voru meira lóur að spígspora um í Vatnsmýrinni. Ljóð hans höfðu vissulega sjarma en það var sjarmi mölkúlunnar. Og einmitt þá í byrjun sjötta áratugarins gaf hann út sína bestu bók: Fljótið helga, þar sem hann hættir að þykjast vera Reykjavíkurskáld en leitar heim í sveitina sína, hina klassísku íslensku sveit okkar allra sem fjárplógmennirnir fá vonandi aldrei að eyðileggja. Hann yrkir um Sogið, hyllir Jörðina, fuglana, vatnið, náttúruna – lífið – og skammar mennina fyrir stríðsbrólt sitt og skemmdarverk á sköpunarverkinu út af skammtímagróða; sannur náttúruverndarsinni sem Hannes Hólmsteinn mætti gjarnan taka sér til fyrirmyndar um hvernig sómakæur og raunverulegur íhaldsmaður hugsar.

# Dæmi hver fyrir sig

Sigmundur Davíð neitar að hafa gefið fyrirheit um 300 milljarða leiðréttingu frá hrægömmum til skuldara fyrir síðustu kosningar. Sem betur fer búum við núorðið í þannig heimi að einfalt er fyrir flesta að fara bara á netið og hlusta t.d. á viðtal RÚV við hann fyrir kosningar.

FJÁRMÁL



Helgi Hjörvar alþingismaður

Hitt er þó óumdeilt að Framsóknarflokkurinn lofaði að leiðrétta forsendubrestinn. Sá hluti íslenskra heimila sem fær leiðréttingu mun fá að meðaltali um 1,1 milljón. Hver og einn getur metið það hvort það sé sá forsendubrestur sem skuldsettu heimilin í landinu urðu að meðaltali fyrir. Leiðréttingin nemur 72 milljörðum eða 5,7% af verðtrygðum skuldum heimilanna og 3,75% af heildarskuldum heimilanna. Lesendur muna best sjálfir hvort þetta eru prósentutölurnar sem talað var um. Þá þræta menn varla um að þessi fyrirheit hafi verið kölluð af Sigmundi Davíð upprisa millistéttarinnar. 1,1 milljónar króna lækkun

á verðtrygððu láni Íbúðalánasjóðs mun leiða til allt að 7.000 kr. lægri greiðsluþyrði á mánuði fyrir þau heimili sem aðgerðirnar ná til. Hvort það jafngildir upprisu metur fólk best sjálf.

Þá var ótvírætt lofað heimsmeti en umfang aðgerðanna er skv. hagdeild ASÍ svipað og aðgerðir síðustu ríkisstjórnar. Utfærslan núna hefur hins vegar meiri þensluáhrif og vegna þess að ekkert hefur verið gert í verðtryggingunni er hætt við að á móti komi ýmis kostnaður fyrir heimilin í hækkan verðtryggðra lána, vaxta og verðlagsalmennt. Þar sem þetta er hvorki forsenduleiðrétting né nýting á svigrúmi hrægamma, heldur framlag af skattfé, er líka ástæða til að hafa efasemdir um að sanngjarn sé að undanskilja í aðgerðunum efnaminnstu heimilin og þau skuldsettustu en greiða hluta fjármunanna til hátekju- og stóreignafólks í staðinn.

# Tröppur og stigar

Altrappa 3 þrep  
**3.990**  
Altrappa 5 þrep 6.190,-

SM-RLG05  
Altrappa 5 þrep, tvöföld  
**19.490**

HLA-205  
Altrappa 5 þrep, tvöföld  
**6.490**  
4 þrepa 5.490,-  
6 þrepa 7.690,-

LLA-308  
PRO álstigi 3x8 þrep  
2,27-5,05 m  
**17.990**

Mæli gæði  
Laggra vör  
MÚRBÚÐIN  
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Upplyflir AN:131 staðallinn

## AF NETINU

### Nauðungarflutningar



Ef vilji er hjá stjórnvöldum þá er auðvelt að sporna við yfiringangir nokkurra útgerðarfyrirtækja gagnvart búsetu og

afkomu heilu byggðarlaganna. Vandinn er sá að LÍÚ á fríðan flokk þingmanna í flestum flokkum þingsins og einn þeirra hefur játað að hann gangi beinlínis erinda LÍÚ í löggjafarstörfum sínum á Alþingi Íslendinga. Á meðan á annað hundrað starfsmenn sem sjá fram á flutning eiga sér vart málsvara á þinginu né virðist sem að kjörnir fulltrúar í viðkomandi sveitarfélögum hafi manndóm í sér til þess að krefjast breytinga á kvótakerfinu sem er að rústa líffsgrundvelli umbjóðenda þeirra. Ekkert hefur heldur frést af viðbrögðum Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar fyrsta þingmanns Norðausturkjördæmisins – mögulega finnst honum þetta bara í lagi að hundrað kjósendur hans séu fluttir hreppaflutningum landshorna á milli. Nauðungarflutningar í boði Vísis snerta mun fleiri en starfsmenn fyrirtækisins en þeir munu fyrirsjáanlega raska skólagöngu og fjölskylduhögum.

<http://blog.pressan.is/sigurjonth>  
Sigurjón Þórðarson

### Dagskrá

1. Fundur settur
2. Skýrsla stjórnar
3. Gerð grein fyrir ársreikningi
4. Tryggingafræðileg úttekt
5. Breyting á samþykktum
6. Fjárfestingarstefna sjóðsins kynnt
7. Áhættustefna sjóðsins
8. Önnur mál

## Ársfundur 2014

Ársfundur Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda

verður haldinn fimmtudaginn 10. apríl 2014 kl. 17:00,

að Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.

Allir sjóðfélagar, jafnt greiðandi sem lífeyrisþegar, eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum.

Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn.

Reykjavík 18. 03. 2014

Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda

# RÉTTINDI ÁN SKERÐINGAR



## MERKISATBURÐIR

- 1931** Jarðskjálfti leggur Managva í Níkaragva í rúst og 2.000 manns deyja.
- 1943** Christopher Walken leikari fæðist
- 1955** Togarinn Jón Baldvinsson strandar við Reykjanes. Allri áhöfninni er bjargað, 42 mönnum.
- 1959** Tenzin Gyatso, fjórtándi Dalai Lama, fær pólitískt hæli á Indlandi.
- 1966** Sovétríkin skjóta upp geimfarinu Luna 10 og koma því á sporbaug um tunglið.
- 1967** Á Raufarhöfn mælist 205 cm snjódýpt og þykir það með fádæmum í þéttbýli á Íslandi.
- 1979** Steingrímur Hermannsson tekur við af Ólafi Jóhannessyni sem formaður Framsóknarflokksins.
- 1989** Línuhraðall, tæki til geislameðferðar vegna krabbameina, er tekinn í notkun á Landspítala Íslands.
- 1991** Varsjárbandalagið er leyst upp.
- 2006** Menntaskólinn í Reykjavík sigrar Morfís það árið.

**PETTA GERÐIST** 31. MARS 1889:

## Eiffelturninn í Parísarborg vígður

Eiffeltturninn sem er einn merkasti turn heimsins var vígður þennan dag árið 1889. Um er að ræða járnturn á Champ de Mars París á vinstri bakka árinna Signu. Hann er jafnframt hæsta bygging Parísar og er einnig eitt af þekktustu kennileitum í heiminum. Turninn er nefndur eftir hönnuðinum, Gustave Eiffel og er frægur ferðamannaáður. Eiffeltturninn er 324 metrar á hæð og vegur 7.300 tonn. Mögulegt er að ganga hluta leiðarinnar upp í turninn eða 1.660 þrep en taka verður lyftu til þess að komast á toppinn.

Eiffeltturninn var upphaflega byggður til þess að heilla gesti á heimssýningunni í París 1889. Í fyrstu var honum aðeins ætlað tímabundið hlutverk á meðan á sýningunni stæði en hann fékk að standa

áfram flestum til mikillar ánægju þótt turninn væri umdeildur til að byrja með.

Bygging turnsins mætti mikilli andstöðu, hann þótti ljótur og hann var sagður spilla fallegu og óbyggðu svæði. Sömuleiðis töldu margir að bygging turnsins væri óframkvæmanleg og myndi aðeins færa Frökkum skömm og hneisu. Sumir töldu að hann myndi sökkva í jörðu undan eigin þunga. Aðrir töldu að eldingar sem á honum lentu myndu drepa allan fisk í Signu þar sem eldingin var leidd í gegnum turninn niður í jörðu. Listamañaélíta Parísar safnaði undirskriftarlista gegn byggingu hans og rithöfundurinn Guy de Maupassant sagði síðar að hann kysði að borða þar eingöngu til þess að þurfa ekki að horfa á turninn.



**GÓÐVERK Á INDLANDI** Hér sjáum við hóp ekkna í Dindingul sem Vinir Indlands styrkja. Þegar þær missa makann þá eru þær eignalausar og við styrkjum þessa hópa, þær framfleyta sér með því að búa til kerti. Hér sést glitta í kertaform en kertin eru meðal annars hér á landi hjá Vínunum Indlands.

MYND/JOHN AMALRAJ



**BENEDIKT ÖRN ÁRNASON,**  
leikari og leikstjóri

er látinn.  
Útför hans fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík þann 8. apríl næstkomandi klukkan 15.00.

**Erna Geirdal**  
**Einar Örn Benediktsson,**  
og aðrir aðstandendur.

Árni Benediktsson

Faðir okkar, tengdafaðir og afi,  
**ALOIS RASCHHOFFER**  
kjótiðnaðarmeistari,

andaðist á dvalarheimili Hrafnistu við Brúna-veg í Reykjavík mánudaginn 24. mars. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Fríðuhús rekið af FAAS, Félagi áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklunga, og Hrafnistu í Reykjavík. Útförin fer fram frá Langholtskirkju föstudaginn 4. apríl kl. 13.00.

**Róbert Jón Raschhofer**      **Margarete Schrems**  
**Birgit Raschhofer**        **Jóhann Pétur Guðvarðarson**  
**Jakob Jón Raschhofer, Matthías Kjartan Raschhofer,**  
**Anna Margrét Hjaltdal Jóhannsdóttir**

Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæru  
**ERLU ÞORVALDSDÓTTUR.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Grund fyrir góða umönnun og hlýhug.

**Þórir Bjarnason**      **Bjarni Gíslason**  
**Anna Kristín Bjarnadóttir**      **Sigrún Gunnlaugsdóttir**  
**barnabörn og langömmubörn.**      **Carsten Fröslev**

## Styrkja gott málefni

Vinir Indlands standa fyrir indverskri kvikmyndahátíð í Bíói Paradís. Þar verða sýndar nokkrar indverskar kvikmyndir og rennur ágóðinn til góðs málefnis.

„Indverska kvikmyndahátíðin er einn af þáttunum í okkar starfsemi til að kynna indverska menningu á Íslandi og ef ágóði verður af henni mun hann renna til styrktar munaðarleysingjaheimilum á Indlandi sem styrkt eru gegnum Vini Indlands,“ segir Sveinbjörg Rósa Sumarliðadóttir, einn stjórnarmaður í Vínunum Indlands en samtökin standa fyrir indverskri kvikmyndahátíð með stuðningi sendiráðs Indlands hér á landi. Hátíðin fer fram í Bíói Paradís dagana 8. apríl til 13. apríl. Þetta er í annað sinn sem hátíðin er haldin en hún fór fyrst fram fyrir tveimur árum, árið 2012, og vakti þá mikla athygli. Hún var samvinnuverkefni Vina Indlands, Bíós Paradísar og Sendiráðs Indlands á Íslandi. Auk þess veitti sendiráð Íslands í Nýju-Delí mikilvæga aðstoð við undirbúning hátíðarinnar.

„Allur ágóðinn af hátíðinni renn-



**SVEINBJÖRG RÓSA SUMARLIÐADÓTTIR**

ur til heimila okkar í Indlandi. Við erum að styrkja þrjú heimili, eitt heimili fyrir munaðarlaus börn í borginni Erode í Suður-Indlandi, stúlkaheimili sem staðsett er í Pasum Kudil-héraði í Ramanatapuram og svo annað stúlkaheimili í Salem,“ segir Sveinbjörg Rósa.

Að þessu sinni verða kynntar til leiks fimm nýlegar kvikmyndir. Allt eru þetta gæðamyndir og ætla þeir aðilar sem standa að kvikmyndahátíðinni að gera enn betur en síðast. Þær myndir sem sýndar verða á hátíðinni eru Enskunámið eða English Vinglish, Sköpuð fyrir hvort annað, Rómeó og Júlía, A Million Dollar Fake og Ra.One.

gunnarleo@frettabladid.is

## UM VINI INDLANDS

Vinir Indlands er vettvangur til þess að gera góðan ásetning að veruleika. Vinir Indlands leggja áherslu á að aðstoða þurfaði til sjálfsbjargar. Starf félagsins er grundvallað á manngildishugsjónum, óháð trúarbrögðum og stjórnmála-skoðunum. Mikil áhersla er á samstarf við heimamenn og að verkefni séu rekin af heimamönnum, á þeirra forsendum og að þeir komi líka með framlög í verkefni. Slík framlög geta verið í formi peninga, vinnuframlags, vörur eða þjónusta. Þannig stefna Vinir Indlands að því að hver króna sem félagið fær í framlag frá einstaklingum og félögum á Íslandi skili sér sem tvær krónur á vettvangi verkefnis í Indlandi. Allt starf í þágu Vina Indlands hefur verið unnið í sjálfbærni og ávinningi, allur ferðakostnaður þeirra sem fara til Indlands til þess að starfa fyrir félagið er greiddur af þeim sjálfum.

## Barbörurórin singur á tímamótum

Barbörurórin heldur tónleika í Hafnarfjarðarkirkju á morgun en tónleikarnir eru í röð menningarviðburða í kirkjunni á 100 ára afmælisári hennar.

Á tónleikunum verður flutt íslensk kór- og orgeltónlist. Orgelleikarinn á tónleikunum er Douglas A. Brotchie og stjórnandi er Guðmundur Sigurðsson. Á tónleikunum verður meðal annars flutt efni eftir Tryggva M. Baldvinsson, Þorkel Sigurbjörnsson, Gunnar Reyni Sveinsson, Jón Nordal, Oliver Kentish og Hjálmar H. Ragnarsson.

Barbörurórin var stofnaður vorið

2007 af Guðmundi Sigurðssyni, organista Hafnarfjarðarkirkju, og nokkrum lærðum hafnfirskum söngvurum. Kórinn kemur reglulega fram við helgihald í Hafnarfjarðarkirkju og víðar, auk tónleikahalds, og er mikil áhersla lögð á flutning vandaðrar kirkjutónlistar.

Tónleikarnir hefjast klukkan 20.00 og fara fram eins og fyrr segir í Hafnarfjarðarkirkju.



**TÓNLEIKAR** Barbörurórin kemur fram á tónleikum í Hafnarfjarðarkirkju annað kvöld.

MYND/EINKASAFN

Eitt mesta úrval landsins af fallegum legsteinum og fylgihlutum hjá Granithöllinni

Bæjarhrauni 26 Hafnarfirði 555-3888 www.granithollin.is

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## BLÓM Í BAÐI

Pottaplöntur geta, líkt og annað stofustáss, orðið rykugar. Gott ráð er að taka stærri plöntur og setja í baðkarið eða sturtubotninn. Skola síðan af þeim með léttri bunu úr sturtuhausnum.



## G.U—Svalalokunarbrautir

Vandaðar brautir fyrir svalahurðir.

**JARNGLER**

Skútuvogur 1H | 104 Reykjavík | S: 5858900 | www.jarnghler.is



# HEILBRIGÐARI OG GRENNRI KONUR

**CELSUS KYNNIR** CC Flax lagar vökvasöfnun og bjúg. Alls 8,5 kílóa minni fitumassi að meðaltali með notkun CC Flax.

**C**C flax frá Lifestream er vara sem hefur slegið í gegn fyrir margvísleg áhrif sín á heilsu kvenna. Konur hafa grennst um allt að tuttugu kíló með notkun þess. Þær ná betra hormónajafnvægi, losna við bjúg og sofa betur, eingöngu með inntöku gnægðar af lífrænt ræktuðum næringarefnum. CC flax inniheldur einstaka blöndu trönuberjafraeja, hörfræja og haf-kalkþörungna.

Trönuberjafraein, lífrænt ræktuð og mulin, eru skjótvirk til að minnka vökvasöfnun og bjúg. Fraein hafa meiri ávinning en berin sjálf og draga úr uppsöfnun umframfitu. Þau styrkja sogæðakerfið og eru öflug vörn gegn þvagfærasýkingu, draga úr tannskýlu og styrkja tannhold með því að hamla viðloðun baktería í slímhúð\*.

\*Howel AB Journal of the American Medical Association June 2002 287:3082

Hörfræin í CC Flax eru lífrænt ræktuð og mulin. Til að lignans, sem er inni í trefjahýði hörfræjanna og er virkast allra estrógena úr jurtum eða fæðu, gagnist verða hörfræin að vera mulin. Rannsóknir sýna að konur sem hafa mikið lignans í blóði eru að meðaltali með 8,5 kílóa minni fitumassa en þær sem hafa lítið lignans\*. Lignans auðveldar til muna viðhald kjörþyngdar og inniheldur einnig mikið af leysanlegum- og óleysanlegum trefjum. CC Flax fraein innihalda tvöfalt meira magn lignans en almenn hörfræ. Lignans dregur úr fitusöfnun og spornar við of mikilli kólesterólfitu í blóði.

\*British Journal of Nutrition (2009) Cambridge University.



CC Flax stuðlar að betra hormónajafnvægi fyrir konur á öllum aldri.

CC Flax er frábær hjálp við fyrirtíðaspennu og fær meðmæli fjölda kvenna sem segjast hafa losnað alveg við tíðaverki og þá vanlíðan sem þeim fylgja. CC flax er fyrir konur á öllum aldri, fyrir og eftir tíðahvörf. Fjöldi ritrýndra rannsókna sýnir virkni lignans til að efla hormónaheilsu. Sérstaklega athyglisvert er hve mikla hjálp og vörn lignans veitir gegn alvarlegum afleiðingum hormónatengdra meina.

CC Flax er ríkt af Omega-3 (ALA) sem er gagnlegt fyrir hjarta og heila, eflir ónæmiskerfið og yngir og fegrar húðina. Í CC Flax eru 300 milligrömm af haf-kalkþörungum og magnesíum ásamt lykilsteinefnum. Regluleg inntaka á kalki dregur úr fitusöfnun, vinnur gegn depurð og bætir svefn\*.

\*Lithothamnium calcareum. R.R.. Researcher. New England Journal of Medicine 313,2 70-731985

## ADSTOÐ

Hjá Celsius ehf. starfar hjúkrunar- og lýðheilsufræðingur sem svarar gjarnan fyrirspurnum, veitir ráðleggingar og aðstoðar þá sem áhuga hafa á að vita hvar ritrýndar rannsóknir um virkni lignans er að finna.

## CC FLAX

CC Flax fæst í apótekum, heilsuþöðum, Hagkaup, Víði og Krónunni.

## ALLIR ÚT AÐ HJÓLA

MEÐ **TUDOR**



Mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja mælum • skiptum um • traust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is



**SKORRI**

**TUDOR** SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM **TUDOR**

# Fermingar tilboð

Svæðisskipt heilsudýna **VALHÖLL** (eldri gerð)

5 svæðaskipt pokagormakerfi, gæðabólstrun. Verð með PU-leðurbotni og fótum.

120x200 cm **Tilboðsverð kr. 69.900.-**

140x200 cm **Tilboðsverð kr. 79.900.-**

Ath. takmarkað magn

**GJÖF FYLGIR**

Vandyck sængurverasett að eigin vali fylgir öllum fermingar-rúmum í ár

**12** mán.  
vaxtalaugar  
greiðslur\*

\*3.5% lántökugjald

**GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ**



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík



Vandyck sængurverasett

**Svefn & heilsa**

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233

Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150

Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00

Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

**HITA KÚTAR**  
Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

**RAFVÖRUR**

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)

SAFTI



**BIMMBAMM** Guðrún Edda Einarsdóttir, vöru- og skóhönnuður, skipar hönnunartvíeykið Bimmbamm ásamt Smára Frey Smárasyni. Þau kynntu nýja hillu á Hönnunarmars. Björgvin Freyr Smárason er með mömmu sinni á myndinni. MYND/GVA

# FJÖLNOTA HILLA

**ÍSLENSK HÖNNUN** Hönnunardúóið Bimmbamm kynnti fyrstu vöruna í heimilislínu sinni í Epal á Hönnunarmars, fjölnota hillu sem kallast Rigel.

Hillan býður upp á áhugaverða möguleika fyrir heimilið og er hugsuð til dæmis í eldhúsið, stofuna eða í forstofuna. Hún heldur vel utan um uppáhaldshlutina," segir Guðrún Edda Einarsdóttir, vöru- og skóhönnuður en hún kynnti hilluna Rigel í versluninni Epal á Hönnunarmars, ásamt Smára Frey Smárasyni. Saman hanna þau undir merkinu Bimmbamm og er Rigel fyrsta varan í heimilislínu Bimmbamm.

„Við leggjum áherslu á fallegar og nýstárlegar vörur fyrir heimilið. Rigel er einstakur karakter

með margar hliðar eins og við flest,“ segir Guðrún Edda.

Á hilluna má bæði hengja á snaga á hlið hennar og smeygja herðatré í göt. Ofan á hana og inn í er svo hægt að raða bókum eða öðrum hlutum.

Rigel-hillurnar eru smíðaðar á verkstæði Bimmbamm og eru fáanlegar í fjórum litum, myntugrænum, hvítum, svörtum og kóral. Nánari upplýsingar er að finna á [www.bimmbamm.com](http://www.bimmbamm.com).

■ heida@365.is

**NÝTT - NÝTT  
HLAÐBORD  
Í HÁDEGINU**

**TILBOÐ  
KR. 1.390.-**

**OPIÐ KL. 11:00-14:00**

hlaðborðið er alla virka daga, ekki um helgar.



**Kinakofid**

**NÝBÝLAVEGI 20 SÍMI 554-5022**



**RIGEL** „Hillan er hugsuð til dæmis í eldhúsið, stofuna eða í forstofuna,“ segir Guðrún Edda. MYND/BIMMBAMM



**FJÖLNOTA** Á hilluna má bæði hengja fót og skart á snaga og smeygja herðatré í göt á hliðinni. Ofan á og inn í hilluna má raða bókum og öðrum munum. MYND/BIMMBAMM

## Situr þú í skítinum?

Hreinsandi hefur fullkomin tæki og efni til djúphreinsunar, sóttthreinsunar og þurrkunar. Við vinnum á slæmum blettum og húsgögnin hreinlega ljóma!

sérhæfir sig í: Myglugró Djúphreinsun Lyktareyðingu Sóttthreinsun teppa, húsgagna, rúmdýna og annarra húsmuna.



**Hreinsandi**  
fyrir alla muni

Hreinsandi notar efni frá



**Eldshöfða 1 S: 577-5000**  
[Hreinsandi.is](http://Hreinsandi.is) [hreinsandi@hreinsandi.is](mailto:hreinsandi@hreinsandi.is)

**BetterYou™**  
Eins og náttúran hafði í hyggju

**MagnesiumOil**  
**Sport**  
**Spray**

Færðu oft harðsperrur eða vöðvakrampa?

- Fyrirbyggir harðsperrur og vöðvakrampa
- Flýtir fyrir endurheimt vöðva eftir æfingar
- Borið beint á vöðvana og virkar strax
- Frábær upptaka



Nánari upplýsingar á [www.gengurvel.is](http://www.gengurvel.is) og á Facebook síðunni Better You Island



Fæst í flestum apótekum, Lifandi Markaði, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaup, Crossfit Reykjavík, Crossfit Hafnarfirði, Systrasamlaginu og TRI Suðurlandsbraut



## heimili FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson  
lögg. fasteignasali



Finnboði Hilmarsson  
lögg. fasteignasali



Guðstaf Adolf Björnsson  
lögg. fasteignasali



Stefán Már Stefánsson  
sölufulfrúi



Erla Dröfn Magnúsdóttir  
lögfræðingur



Ásdís Irena Sigurðardóttir  
skjalagerð



Finndu okkur á Facebook

530 6500

Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | [www.heimili.is](http://www.heimili.is)

530 6500

Síðurnúta 27 • Sími 588 4477 • Fax 588 4479  
[www.valholl.is](http://www.valholl.is) • opió, 9 - 17 • vika dags, lokad um helgar

Jón Rafn Valdimarsson  
Löggiltur fasteignasali

**Eiríksgata 15, 101 Rvk**  
Opið hús þriðjudaginn 1. apríl kl. 17:30 – 18:00

OPÍÐ HÚS

Falleg þriggja herbergja íbúð á efstu hæð (3 hæð frá götu). Aðeins fjórar íbúðir í stigagangi þ.e. ein á hæð. Anddyri með fataskápum. Hvít innrétting í eldhúsi þaðan sem er gott útsýni. Tvö svefnherbergi, snyrting og baðherbergi. Sérgeymsla og sameiginlegt þvottahús. Upplýsingar gefur Jón Rafn s. 695-5520.

Íbúðin er 87,4 fm - Verð 30,3 m

**Sími 588-4477 Ingólfur Gissurarson lögg.fasteignasali**



Húsið er á tveimur hæðum með góðum garði.

## Endaraðhús í Grafarvoggi

**Heimili fasteignasala kynnir: Gott endaraðhús á rólegum staði í Grafarvoggi. Húsið er 192,6 fm.**

Húsið er á tveimur hæðum með stórum suðursvölum, stóru hellulögðu bílplani og fullbúinni lóð. Komid er inn í flísalagða forstofu með fataskápum. Sjónvarpshol er með flísum á gólfi og útgang á verönd með heitum potti. Baðherbergi er flísalagt í hólfi og gólf. Þrjú svefnherbergi

eru á neðri hæð og hjónaherbergi á efri hæð.

Tvö rúmgóð barnaherbergi með fataskápum. Auk þess er bóka/tölvuherbergi og inn af því svefnherbergi sem áður var bílskúr. Auðvelt er að breyta aftur. Hjónaherbergi með miklum fataskápum, parketi á gólfi og útgang á svalir í suður.

Flísalagður stigi upp á efri hæðina. Eldhús flísalagt með borðkrók við útbýggðan glugga. Vönduð innrétting. Þvottahús inn af eldhúsi. Borðstofa og stofa parketlagðar.

Útgangur á flísalagðar svalir í suður. Flísalagt baðherbergi með sturtu. Birkispónn í innréttingum, parket og flísar á gólfum. Hiti í gólfum og innbyggð lýsing í loftum og þakkanti. Sólþallar og verandir eru bæði framan og aftan við húsið og heitur pottur í bakgarði. Húsið stendur í rólegum botnlanga. Gott útsýni og fjallasýn. Stutt er í barna- og leikskóla, sundlaug, íþróttaaðstöðu og skíðabrekku.

**Allar upplýsingar veitir Bogi Molby Pétursson fasteignasali. 6993444/bogi@heimili.is**

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)

**Einar Páll Kjærsted**  
lögg. fasteignasali.  
[einar@fastmos.is](mailto:einar@fastmos.is)

KJARNA - PVERHOLTÍ 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081  
[WWW.FASTMOS.IS](http://WWW.FASTMOS.IS)

**Sólvallagata 63 - 101 Reykjavík**

Einstaklega glæsilegt 233,4 m<sup>2</sup> einbýlishús á þremur hæðum bílskúr við Sólvallagötu 63 í Reykjavík. Húsið hefur fengið gott viðhald og verið mikið endurbætt á vandaðan hátt á undanförunum árum. Forstofa, hol, tvær stofur, borðstofa og eldhús á aðalhlæð. Hol, stórt hjónaherbergi, tvö barnaherbergi og baðherbergi á efstu hæð. Sér inngangur, hol, tvö herbergi, stórt þvottahús, salerni og geymsla á neðstu hæð. **V. 110 m.**

**Borgarholtsbraut 24 - 200 Kópavogur**

Falleg 100,2 m<sup>2</sup>, 4ra herbergja íbúð á jarðhæð í tvíbýlishúsi ásamt 34,4 m<sup>2</sup> bílskúr samtals 134,6 m<sup>2</sup> í tvíbýlishúsi við Borgarholtsbraut 24 í Kópavogi. Íbúðin skiptist í þrjú svefnherbergi, hol, baðherbergi, þvottahús, eldhús og stofu. **V. 32,7 m.**

**Úthlíð 11 - 105 Reykjavík**

Mjög falleg 130,5 sérhæð í fallegu fjórþýlishúsi við Úthlíð 11 í Reykjavík. Íbúðin er á 1. hæð með sér inngangi og skiptist í forstofu, stórt hol, fjögur herbergi, baðherbergi m/kari, eldhús og stóra stofu. Svalir út frá stofu og aðrar út frá hjónaherbergi. Bílskúrsréttur fylgir eigninni. **V. 45,5 m.**

**Hringbraut 119 - 101 Reykjavík**

**Nýtt á skrá** **Laus strax**

2 herbergja íbúð og tvö íbúðarherbergi með baðherbergjum á 5 hæð í lyftuhúsi og sérgeymsla, alls 75 fm, ásamt stæði í bílageymslu. **V. 24,9 m.**

**Framnesvegur 42A - 101 Rvk.**

**Nýtt á skrá** **Laus strax**

2 herb. 78,5 fm raðhús á 2 hæðum við Framnesveg 42A í Reykjavík. **V. 22,5 m.**

**Kjarrhólmi 12 - 200 Kópavogur**

**Nýtt á skrá** **Laus strax**

Björt og vel skipulögð 75,1 m<sup>2</sup>, 3ja herbergja íbúð með fallegu útsýni á 2. hæð. Eignin skiptist í tvö svefnh., forstofuhol, baðherbergi, þvottahús, eldhús og stofu. Íbúðinni fylgir sérgeymsla í kjallara. **V. 22,5 m.**

**Strandgata 32 - 220 Hfj.**

**Nýtt á skrá** **Laus strax**

Glæsileg 202,1 m<sup>2</sup>, 4ra herbergja íbúð/hæð á 2. hæð, ásamt einstaklingsíbúð á sömu hæð í 3ja hæða fjölþýli í miðbæ Hafnarfjarðar. Flottar innréttingar og gólfefni. **V. 43,9 m.**

**Miðvangur 12 - 220 Hafnarfjörður**

**Nýtt á skrá** **Laus strax**

Falleg 78,5 m<sup>2</sup> 3ja herbergja íbúð á 1. hæð við Miðvang 12 í Norðurbæ í Hafnarfirði. Íbúðin skiptist í forstofuhol, eldhús, stofu, hjónaherbergi, svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús og yfirbyggðar svalir sem nýttast sem leikherbergi í dag. **V. 22,3 m.**

**Blikahöfði 1 - 270 Mosfellsbær**

**Nýtt á skrá** **Laus strax**

OPÍÐ HÚS

Opið hús í dag mánudag frá kl. 17 – 17:30

Falleg 3ja herbergja íbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjölþýli við Blikahöfða í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofuhol, stofu, eldhús, gott hjónaherbergi, barnaherbergi, baðherbergi m/hornbaðkari og þvottahús. Flísalagðar suðvestur-svalir með miklu útsýni. **V. 25,9 m.**

**Víðiteigur 4d - 270 Mosfellsbær**

**Nýtt á skrá** **Laus strax**

Fallegt 93,1 m<sup>2</sup> raðhús auk ca. 17 m<sup>2</sup> herbergis á rislofti samtals ca. 110 m<sup>2</sup> við Víðiteig 4D í Mosfellsbæ. Húsið skiptist í tvö svefnherbergi, herbergi í risi, baðherbergi, þvottahús/geymslu, eldhús, stofu og sólstofu. **V. 32,2 m.**

**Vættaborgir 25 - 112 Grafarvogur**

**Nýtt á skrá** **Laus strax**

OPÍÐ HÚS

Opið hús þriðjudaginn 1. apríl frá kl. 17:00 til 17:30

Fallegt 184,3 m<sup>2</sup> einbýlishús, þar af bílskúr 29,3 m<sup>2</sup> innst í lokuðum botnlanga við Vættaborgir 25 í Grafarvoggi. Glæsilegt útsýni er frá húsinu. Gott skipulag. 4-5 herbergi. Hellulagt bílplan og fallegur garður með timburverönd. **V. 53,9 m.**



**Jón Guðmundsson**  
Lögg. fasteignasali  
jon@fastmark.is



**Guðmundur Th. Jónsson**  
Lögg. fasteignasali  
gtj@fastmark.is



**Guðmundur H. Steinþórsson**  
Lögg. fasteignasali  
gs@fastmark.is



**Elías Haraldsson**  
Lögg. fasteignasali  
elias@fastmark.is



**Gísli Rafn Guðfinnsson**  
Sökumaður  
gjsti@fastmark.is



**Elín D. Wyszamirski**  
Lögg. fasteignasali  
elin@fastmark.is



**Halveig Guðnadóttir**  
Skrifstofustjóri  
hallveig@fastmark.is

Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.

Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is

## Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

### Barónsstígur 61. 3ja herbergja íbúð.



**OPIÐ HÚS  
Á MORGUN**

**OPIÐ HÚS Á MORGUN FRÁ KL. 17.30-18.00**

Vel skipulögð 71,6 fm. íbúð að meðtaldri 4,7 fm. geymslu á 3. hæð miðsvæðis í borginni. Bjartar samliggjandi stofur með útsýni til Bláfjalla og víðar. Rúmgott svefnherbergi. Fallegar upprunalegar innréttingar í eldhúsi. Suðaustur svalir út frá borðstofu. Hús nýlega viðgert að utan Frábær staðsetning þar sem stutt er í alla þjónustu.

**Verð 23,9 millj.**  
Verið velkomin.

### Barmahlíð 42. 3ja – 4ra herbergja endurnýjuð risibúð



**OPIÐ HÚS  
Á MORGUN**

**OPIÐ HÚS Á MORGUN FRÁ KL. 17.30-18.00**

Glæsileg 3ja - 4ra herbergja 75,6 fm. risibúð með suðursvölum og allt að 4,0 metra lofthæð í endurnýjuðu steinhúsi.

Eignin hefur verið mikið endurnýjuð á undanförunum árum, m.a. gólfefni, rafplagnir og tafla, eldhús og baðherbergi. Rúmgóðar stofur með kamínu og útgengi á suðursvalir. Eldhús opið við stofur. Tvö rúmgóð herbergi. Tröppur að húsi eru nýlega endurnýjaðar.

**Verð 28,9 millj.**  
Verið velkomin.

### Furugrund 66 - Kópavogi. 2ja herbergja endaíbúð.



**OPIÐ HÚS  
Á MORGUN**

**OPIÐ HÚS Á MORGUN FRÁ KL. 17.30-18.00**

Vel skipulögð 56,5 fm. 2ja herbergja endaíbúð á jarðhæð með verönd til suðurs og gluggum í 2 áttir auk sér geymslu á hæðinni. Íbúðin skiptist í forstofu / hol, baðherbergi, rúmgott, svefnherbergi, eldhús með borðaðstöðu og rúmgóða og bjarta stofu með útgengi á verönd.

**Verð 18,9 millj.**  
Íbúð merkt 0001.  
Verið velkomin.

### Laugavegur 51. Skrifstofuhúsnæði til leigu.



Til leigu glæsilegt og algjörlega endurnýjað 161,0 fm. skrifstofurými á 2. hæð við Laugavegin. Nýtt eldhús með nýjum tækjum, ný salerni og ný gólfefni. Hæðin er öll nýmáluð að innan með nýjum loftljúsum. Eitt sér bílastæði á baklóð fylgir rýminu.

**Laust til afhendingar nú þegar**

## ELDRÍ BORGARAR



Árskógar – 2ja herb. íbúð á efstu hæð  
- Glæsileg og björt 76,1 fm. íbúð á efstu hæð.  
- Svalir til austurs, yfirbyggjanlegar.  
- Frábært útsýni að Reykjanesi, Bláfjöllum og víðar.  
- Íbúðin er laus til afhendingar strax.

## 4RA HERBERGJA



**HVERFISGATA. 4RA – 5 HERB.**

Útsýnisíbúð á 4. hæð með suðursvölum. Íbúðin er öll mjög opin, björt og skemmtileg og í New York loft stíl. Nýlegt eldhús er í íbúðinni og nýlegar rafplagnir og tafla. Stórt og bjart alrými með gólfisöllum gluggum. 3 herbergi. Fallegt útsýni út á sjóinn, að Esjunni og víðar.

**44,9 millj.**



**VATNSSTÍGUR. SJÁVARÚTSÝNI.**

Glæsileg 149,2 fm. íbúð á 4. hæð í Skuggahverfinu með tvennum svölum. Íbúðin er innréttuð á vandaðan og smekklegan hátt. Samliggjandi rúmgóðar stofur. Úr stofum er útsýni út á sundin og að Esjunni. Svalir til austurs út af báðum herbergjum. Sér bílastæði í bilageymslu.

**79,0 millj.**



**ÁSBÚÐ- GARÐABÆ.**

- Fallegt 306,6 fm. tvílyft einbýli með 68,8 fm. innb. bílskúr.  
- Stofur með arni. Nýlega endurnýjað eldhús. 6 herbergi.  
- Auðvelt er að útbúa sér íbúð á neðri hæð hússins.  
- Lóð nýlega endurnýjuð og visar að tæstum hluta til suðurs.

**79,9 millj.**

## 3JA HERBERGJA



**RÚGAKUR – GARÐABÆ.**

Glæsileg 142,9 fm. íbúð á 1. hæð með sérinnangi að meðt. 24,5 fm. sér geymslu í kj. Rúmgóð og björt stofa. Eldhús með eikarinnréttingum. Fataherbergi innan hjónaherbergi. Stórar og skjólgóðar svalir til suðurs. Sér stæði í bilageymslu. Frábær staðsetning

**44,9 millj.**



**ASPARFELL – 7 HERB. PENTHOUSE**

Glæsileg 187,0 fm. penthouse íbúð á 8. hæð í nýuppgerðu fjölbýlishúsi. Um 100 fm. sér þakgarður, yfirbyggður að hluta fylgir íbúðinni. Frábært útsýni til allra átta. 25,5 fm. bílskúr fylgir eigninni. Sér þvottaherbergi með glugga á hæðinni. Íbúðin er ein á þessari hæð

**44,9 millj.**

## SÉRBYLI



**DRAUMAHÆÐ – GARÐABÆ.**

- Glæsilegt 159,1 fm. 5 herb. raðhús á tveimur hæðum.  
- Stofa með stórum útbýgðum gluggum.  
- Rúmgóð sjónvarpsstofa, hægt er að breyta í svefnherbergi.  
- Útsýni. Stórar suðursvalir. Skjólgóð verönd til suðurs.

**49,5 millj.**



**VÍÐIHLÍÐ – REYKJAVÍK**

201,5 fm. endaraðhús með glæsilegri lóð og um 70 fm. nýlegum palli út frá stofu. Nýleg sérsníðuð innrétting í eldhúsi. Arinn í stofu. Garðstofa. Fjögur herbergi. Eignin er laus fjótlega. MÖGULEIKI AÐ TAKA YFIR UM 40 MILLJ. KR. LÍFEYRISSJÓÐSLÁN.

**59,8 millj.**



## GARÐASTRÆTI

### Garðastræti. Heil húseign.

365,9 fm. húseign á þremur hæðum auk geymsluriss við Garðastræti auk 5 sér bílastæða á framlóð hússins. Grunnflötur hverrar hæðar hússins er um 120 fermetrar. Tvær samþykktar íbúðir eru í húsinu auk kjallara. Full lofthæð er í kjallara hússins.

**Verð 129,0 millj.**



## LANGAMÝRI

### Langamýri – Garðabæ.

Fallegt og vel staðsett 219,1 fm. einbýlishús á tveimur hæðum að meðöldum 32,0 fm. bílskúr. Samliggjandi stofur með útgangi á hellulagða verönd. Fimm herbergi auk fataherbergis. Rúmgott alrými/setustofa/sjónvarpsstofa á efri hæð. Góð lofthæð á efri hæð og ofanbirta um stóran þakglugga. Arkitekt er Sverrir Norðfjörð. Ræktuð lóð með nýlegri hellulögn.

**Verð 57,5 millj.**



# GRUNDARSMÁRI

**OPÍÐ HÚS Í DAG**

## Grundarsmári 7 – Kópavogi.

**OPÍÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00**

Vandað og vel skipulagt 287,5 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á fallegum útsýnisstað. Eignin er öll innrétuð á vandaðan máta. Aukin lofthæð er á efri hæð hússins og innfelld lýsing í loftum. Tvö baðherbergi, annað með sturtu og hitt með baðkarí. Auðvelt er að bæta 5. svefnherberginu við í holi á neðri hæð hússins. Tvennar flisalagðar svalir og skjólgóð gróin lóð til suðurs með verönd og skjólveggjum. Stór hellulögð innkeyrsla með hitalögnum undir og staðum fyrir 5-6 bíla.



**Verð 72,9 millj.**  
**Verið velkomin**

## Laxakvísl 17 - 5 herbergja endaíbúð.



**OPÍÐ HÚS Í DAG**

**OPÍÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00**

Mjög falleg 131,7 fm 5. herbergja endaíbúð á 2. hæð í lágreytu fjölbýli. Aðeins fjórar íbúðir í húsinu. Íbúðinni fylgir 25,7 fm bílskúr sem stendur sér í lengju. Samtals 157,4 fm. Nýlega endurnýjað baðherbergi. Eldhús með fallegri innréttingu úr birki. Stofur með góðri lofthæð og útgengi á svalir til vesturs. Milliloft sem býður upp á ýmsa möguleika. Endahús í botnlanga.

**Verð 42,9 millj.**  
Íbúð merkt 0201.  
Verið velkomin.

## Nýbýlavegur – Kópavogi. Gistiheimili í fullum rekstri.



Nýlega uppgert (2010) 277,3 fermetra gistiheimili með 10 herbergjum fyrir 23-24 manns í mjög vel staðsettu húsnæði Dalbrekkumegin við Nýbýlaveg í Kópavogi. Húsnæðið er með 7 tveggja manna herbergjum, 2 þriggja manna herbergjum og einu 3-4 manna herbergi með sér baðherbergi, flisalögðu með sturtuklefa. Frábært tækifæri til að hefja eigin rekstur. Reksturinn hefur fengið verðlaun bæði fyrir þjónustu og hreinlæti. Stöðug aukning ár frá ári. Allar nánari upplýsingar veittar á skrifstofu.

## SÉRBÝLI



### STALLASEL - REYKJAVÍK.

377,1 fm. einbýlishús sem er tvær hæðir auk kjallara að meðtöldum 41,7 fm. innbyggðum tvöföldum bílskúr. Sér íbúð er í kjallara. Rúmgóð stofa og borðstofa. Eldhús með eikarinnréttingu. Fimm herbergi. Gengið út á svalir/bílskúrspak af stigapalli. Í kjallara eru auk sér íbúðar herbergi/hobbyherbergi og góðar geymslur. Lóðin er ræktað 800,0 fm. að stærð.

**69,9 millj.**

## SÉRBÝLI



### BRÚNÁS- GARÐABÆ

Afar glæsilegt 251,2 fm. einbýlishús á þremur pöllum á frábærum útsýnisstað við opið svæði í Garðabæ. Tvöfalt og þrefalt gler er í gluggum. Mjög mikil lofthæð er í stærstum hluta eignarinnar og loft þar klædd með sedrusviði. Stórar og bjartar stofur með mikilli lofthæð og mjög miklum gluggum til norðvesturs. Sjónvarpsstofa með útgengi á lóð. Tvöfaldur bílskúr.

**89,0 millj.**

## 4RA- 6 HERBERGJA



### FLÓKAGATA - EFRI HÆÐ OG RIS.

Falleg og vel skipulögð 124,7 fm. efri hæð og ris auk bílskúrsréttar í fallegu og nýuppggerðu steinhúsi við Flókagötu á mótis við Kjarvalsstaði. Í dag eru 3 svefnherbergi og 2 stofur í eigninni, en auðvelt er að hafa 4 svefnherbergi í risi auk samliggjandi stofa og hjónaherbergis á hæðinni. Íbúðinni fylgir sér stæði á lóð. Húsið að utan er í góðu ástandi, nýlega viðgert og steinað.

**45,9 millj.**



### SÓLVALLAGATA. GLÆSILEGT EINBÝLISHÚS.

Fallegt einbýlishús sem er tvær hæðir auk kjallara á þessum eftirsóttu stað í vesturbænum. Húsið er 235,5 fm. að stærð að meðtöldum 25,2 fm. bílskúr og hefur verið mikið endurnýjað á undanföllum árum m.a. eldhús, baðherbergi, lagnir o.fl. Aukin lofthæð er í stofum. Skipt hefur verið um járn á öllu húsinu og nýr bílskúr byggður frá grunni 2006. Nýlega byggður sólpallur. Húsið allt málað 2013.

**77,9 millj.**



### KJARRMÓAR – GARÐABÆ.

